FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
213. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 11. SEPTEMBER 2017



Fort Lauderdale-borg í suðurhluta Flórída var tómleg í gær þegar fjórða stigs fellibylurinn Irma gekk á land. Miklir vindar blésu í borginni og götur hennar breyttust í beljandi stórfljót, rétt eins og víða annars staðar í ríkinu. Að minnsta kosti þrír fórust vegna stormsins í Flórída í gær en á þriðja tug hafa farist í Karíbahafi vegna Irmu. Sjá síðu 8 NORDICPHOTOS/AFP

# Vill skilja en fær ekki gjafsókn frá ríkinu

**Tveggja barna móðir vill gjafsókn til að geta skilið við eiginmann sinn en fær ekki. Maðurinn hefur nú flúið land. Lögmaður konunnar gagnrýnir gjafsóknarnefnd og segir að gæta þurfi jafnræðis við meðferð mála.**

**DÓMSMÁL** Tveggja barna móðir sem höfðaði dómsmál til að fá lögskilnað frá eiginmanni sínum fær ekki gjafsókn frá ríkinu. Maðurinn hefur verið ákærður fyrir ítrekuð ofbeldisbrot, en hefur nú flúið land.

„Þessi kona var í langvarandi ofbeldissambandi sem henni tókst að koma sér út úr. Maðurinn hefur sætt þremur nálgunarbönnum og hefur brotið þau sextán sinnum. Það er evrópsk handtökuskipun á hann í gildi. Konan hefur notið aðstoðar lögreglu vegna málsins en svo mætir hún mótlæti kerfisins barna,“ segir Kristrún Elsa Harðardóttir, lögmaður konunnar, og leggur áherslu á að konan sé í erfiðri félagslegri stöðu.

> Konan hefur notið aðstoðar lögreglu vegna málsins en svo mætir hún mótlæti kerfisins þarna.
>
> Kristrún Elsa Harðardóttir, lögmaður

„Hún er í dag einstæð tveggja barna móðir og býr í leiguhúsnæði. Eina leiðin fyrir hana til að fá skilnað var að höfða dómsmál vegna flótta mannsins úr landi. Kostnaðurinn lendir allur á henni,“ segir Kristrún Elsa sem segist áður hafa fengið samþykkta gjafsókn í sambærilegum málum. Bæði í skilnaðar- og forsjármálum þar sem tekjur eru yfir viðmiði. „Við í lögmannastétt höfum oftsinnis gagnrýnt störf nefndarinnar og mat hennar,“ segir hún og bætir við að nefndin þurfi að gæta jafnræðis.

Kristrún Elsa segir það af og frá að lögmenn hafi beina hagsmuni af því að gjafsóknir verði fleiri. „Það er skelfilegt ef þröngar gjafsóknarreglur og synjanir nefndarinnar valda því að konur losna ekki við ofbeldismanninn úr lífi sínu. Borgarar verða að njóta jafnræðis fyrir lögum. Ég hef áður fengið gjafsókn þegar tekjur eru hærri og skjólstæðingur minn ekki í jafn vondri stöðu. Þá hef ég einnig fengið gjafsókn í forsjármálum. Þetta er ótækt. Mér finnst afar mikilvægt að konur sem hafa ef til vill barist árum saman séu ekki stöðvaðar þarna,“ segir hún.
– kbg / sjá síðu 8

## Réttindi barna verði virt

**STJÓRNSÝSLA** Forstjóri Barnaverndarstofu segir það súrt að Dyflinnarreglugerðinni sé beitt með þeim hætti sem nú er gert. Þingflokkur Samfylkingarinnar hyggst leggja fram frumvarp til að veita tveimur ungum stúlkum ríkisborgararétt.

„Í raun er þetta aðeins pólitísk ákvörðun ráðherra sem er dapurleg með hliðsjón af þeim málum sem verið hafa verið í umræðunni núna. Ég tel rétt að mannúðarsjónarmið eigi að skipa ríkari sess,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu.

„Í greinargerð frumvarpsins fylgja skýr skilaboð þess efnis að löggjafinn ætlist til þess að réttindi barnsins séu virt,“ segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar.
– jóe / sjá síðu 4

## ÍBV sigraði í annað sinn

**ÍÞRÓTTIR** ÍBV varð um helgina bikarmeistari kvenna í fótbolta í annað sinn í sögu félagsins eftir 2-3 sigur á Stjörnunni í framlengdum úrslitaleik á Laugardalsvelli.

Sigurmarkið kom úr umdeildri vítaspyrnu sem Bríet Bragadóttir dæmdi. Sigríður Lára Garðarsdóttir fór á punktinn, skoraði af öryggi og tryggði ÍBV bikarmeistaratitilinn. ÍBV varð einnig bikarmeistari karlamegin og því er árið 2017 sannkallað bikarár í Eyjum. „Þetta var ógleymanlegt,“ sagði Sigríður Lára í samtali við Fréttablaðið.
– iþs / sjá síðu 14



## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Ellert B. Schram skrifar um frítekjumark eldri borgara. 12

**TÍMAMÓT** Þúsundir fara á skyndihjálparnámskeið. 18

**LÍFIÐ** Eitt þekktasta húsið í Þingholtunum er til sölu. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









Norðvestanstrekkingur austan til í dag, en annars norðankaldi. Dálítil rigning norðan- og austanlands, en bjart með köflum annars staðar. **SJÁ SÍÐU 20**



**Fjöldi bygginga eyðilagðist í skjálftanum.** NORDICPHOTOS/AFP

## Jarðskjálftinn felldi níutíu

**MEXÍKÓ** Tala látinna í Mexíkó eftir að 8,2 stiga jarðskjálfti reið yfir landið á fimmtudag hefur hækkað og lýsti ríkisstjórn landsins því yfir í gær að 90 hefðu farist. Bærinn Juchitán í suðurhluta Mexíkó varð einna verst úti og fórust að minnsta kosti 37 íbúar bæjarins.

Fraktvélar á vegum ríkisstjórnarinnar flugu til Juchitán, sem og fleiri bæja, um helgina með birgðir en þar sem fjöldi heimila hrundi í skjálftanum þurfa margir enn að sofa á götum úti. Þykir það einkar hættulegt þar sem enn finnast snarpir eftirskjálftar. **– þea**

## Kindur til ama í Fjarðabyggð

**FJARÐABYGGÐ** Lausagöngufé hefur verið íbúum í þéttbýliskjörnum Fjarðabyggðar til ama í sumar. Kindurnar hafa valdið ónæði auk tjóns á eigum bæjarins og bæjarbúa.

„Það eru einhverjir sem stunda tómstundabúskap innan bæjarmarka auk þess sem kindurnar virðast sækja í gróður inni í bæjunum," segir Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð. Meðal þess sem lokkar má nefna blómabeð sem bærinn og fyrirtæki hafa plantað í.

„Það er verið að fara yfir þessi mál. Sums staðar gætu betri girðingar verið lausnin," segir Páll. „Á Eskifirði koma nýjar girðingar í tengslum við Norðfjarðargöngin en svo er náttúrulega óvíst hvort það dugi." **– jóe**

## Feit og falleg lömb í Hrútatungurétt



**Réttað var í Hrútatungurétt í Hrútafirði á laugardaginn. Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður Stöðvar 2, var á staðnum. Hann segir að hátíðarstemning hafi verið í sveitinni. Í réttunum voru um 4.000 fjár og var það mat manna að lömbin væru feit og falleg.** FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HLYNUR

## Vilja fá stærra elliheimili

**SUÐURLAND** Að mati tveggja sunnlenskra sveitarfélaga er nauðsynlegt er að fyrirhugað hjúkrunarheimili á Selfossi verði hannað miðað við að rúma sextíu einstaklinga í stað fimmtíu.

Á fundi sveitarstjórnar Árborgar í liðnum mánuði kemur fram að 35 rými, sem áður voru á Blesastöðum og Kumbaravogi, gangi inn í hið nýja heimili. Með fimmtíu rýmum fjölgi þeim því um fimmtán. Samhljóða bókun var að finna á fundi sveitarstjórnar Grímsness- og Grafningshrepps.

„Fjölgunin er engan veginn næg til að mæta þörf fyrir hjúkrunarrými á svæðinu. [...] Íbúum fjölgar mjög hratt í sýslunni og brýnt að horfa til framtíðar hvað fjölga rýma varðar."

Í samningi milli ríkisins og sveitarfélaganna er gert ráð fyrir fimmtíu rýmum. Heimilið er nú á hönnunarstigi. **– jóe**

# Mathús Garðabæjar fari burt vegna hávaða

Íbúar á Garðatorgi segja hávaðann frá Mathúsi Garðabæjar slíkan að þeir eigi erfitt með svefn. Hafa þeir farið fram á að fá dómkvaddan matsmann til að meta tjón þeirra. Eigandinn segist hafa lagt vinnu í að hljóðeinangra staðinn.

**SAMFÉLAG** Eigendur tveggja íbúða að Garðatorgi 4b vilja að starfsleyfi Mathúss Garðabæjar verði afturkallað. Þá fara þeir einnig fram á skaðabætur úr hendi rekstraraðila veitingahússins, eiganda og byggingarstjóra fasteignarinnar auk sveitarfélagsins.

Mathús Garðabæjar var opnað í maíbyrjun 2016. Skömmu síðar flutti par í íbúð á efri hæð hússins en taldi galla vera á fasteigninni og hljóðvist mjög ábótavant. Fimm mánuðum síðar urðu aðrir nýir kaupendur varir við sömu galla. Segja þeir meðal annars að mikill hávaði berist frá Mathúsinu inn í íbúð þeirra. Hafa þeir lagt fram beiðni þess efnis að dómkvaddur verði matsmaður til að meta tjón þeirra.

„Veitingastaðurinn er opinn langt fram á kvöld [...] og er hávaði frá rekstrinum oft svo mikill að ekki er svefnfriður í íbúðum matsbeiðenda," segir meðal annars í beiðni þeirra um matsgerð.

Einnig kemur þar fram að í apríl á þessu ári hafi seljandi íbúðanna, ÞG verktakar, látið verkfræðistofuna Eflu gera högghljóðmælingu í fasteigninni. Niðurstaða Eflu var á þann veg að högghljóðvist væri yfir mörkum, hljóðeinangrun Mathússins ófullnægjandi og í andstöðu við byggingarreglugerð.

Eigendur íbúðanna telja að sveitarfélagið Garðabær beri ábyrgð gagnvart þeim á tjóninu sem þeir telja sig hafa orðið fyrir. Telja þeir að Garðabæ hafi borið að synja Mathúsi Garðabæjar um rekstrarleyfi sökum ófullnægjandi hljóðvistar. Fara þeir því fram á bætur úr hendi bæjarins og að rekstrarleyfi Mathússins verði afturkallað.




**Íbúðirnar tvær eru staðsettar fyrir ofan veitingastaðinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**» Íbúar í húsinu fara fram á bætur frá Garðabæ og að rekstrarleyfi Mathússins verði afturkallað vegna hávaða sem þeir segja að fylgi staðnum.**

„Við höfðum verið með rekstur í átta mánuði og enginn heyrt neitt. Svo komu nýir eigendur og þá var allt önnur staða komin upp allt í einu," segir Stefán Magnússon, eigandi Mathúss Garðabæjar. „Þetta veltur svolítið á því hvað fólki finnst vera hávaði. Við erum í miðbæ Garðabæjar og það er umferð hér í kring. Svo er Domino's í nágrenninu og með opið jafn lengi og við."

Stefán leigir húsnæðið af fasteignafélaginu Regin. Segir hann að lagt hafi verið í mikla vinnu á húsnæðinu til að tryggja að sem minnst hljóð bærist frá veitingastaðnum. Meðal annars hafi sérstakri hljóðeinangrunarkvoðu verið sprautað í loft staðarins.

„Við lögðum okkur mjög fram við að tryggja að allt væri í lagi," segir Stefán. „Það er náttúrulega mikið í húfi fyrir mig. Aleigan fór í það að opna staðinn."

Matsgerðarbeiðendur vildu ekki veita viðtal þegar eftir því var falast.
**johannoli@frettabladid.is**


**BRIDS SKÓLINN**




skráning er hafin á haustnámskeið ...

stig 1 **BYRJENDUR**
hefst **2. október:** 8 mánudagar frá 20-23

stig 2 **KERFIÐ**
hefst **4. október:** 8 miðvikudagar frá 20-23

- Hægt er að mæta **stakur**, í pari eða í hóp.
- Mörg stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna.
- Staður: **Síðumúli 37** (Bridgesamband Íslands).
- Sjá nánar á Netinu undir **bridge.is**/fræðsla.

Upplýsingar og innritun í síma . . . **898-5427**




**Aukahlutapakki að verðmæti 728.000 kr. fylgir Land Cruiser 150 Black:**
GoodYear heilsársdekk, 18" BLACK álfelgur, hliðarlistar með krómi, hlíf á afturstuðara, krómhlíf á spegla, toppgrindarbogar, húddhlíf, krómlisti á afturhlera, gluggavindhlífar og krómstútur á púst.

Um glæsileika Land Cruiser er engum blöðum að fletta og nú kynnum við hinn margrómaða töffara í margkrómaðri sérútgáfu – Land Cruiser 150 Black. Þessi eitursvali Land Cruiser er prýddur krómi á alla kanta og kolsvörtum 18" álfelgum sem lyftir glæsileikanum í nýjar hæðir. Og það er svalt á toppnum. Ekki hverfa í skuggann. Komdu og reynsluaktu Land Cruiser 150 Black.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Black-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Mjótt á mununum í Noregi

**NOREGUR** Ríkisstjórn Íhaldsflokksins og Framfaraflokksins undir forystu Ernu Solberg forsætisráðherra og með stuðningi Kristilegra demókrata og Frjálslynda flokksins heldur samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem TV2 birti um helgina.

Norðmenn ganga til kosninga í dag og ef marka má könnunina mun stjórnarandstaðan fá 84 menn kjörna en ríkisstjórnin auk Frjálslyndra og Kristilegra demókrata 85, sem yrði minnsti mögulegi meirihluti.

Verkamannaflokkurinn undir forystu Jonas Gahr Støre mælist enn stærstur með 28,1 prósents fylgi, sem er þó hálfu prósentustigi minna en í síðustu könnun. Íhaldsflokkurinn mælist með 23,8 prósenta fylgi, 0,4 prósentustigum meira en síðast.

Lítil hreyfing hefur verið á fylgi flokka á milli kannana TV2 enda ekki nema dagur sem leið á milli þeirra. Mesta sveiflan varð á fylgi Framfaraflokksins, sem fór úr 15,2 prósentum í 14,6, og Frjálslyndra, sem fóru úr 3,9 og upp í 4,6 prósent.

Samkvæmt útreikningum TV2 stefnir í að Verkamannaflokkurinn fái fimmtíu þingmenn og missi þar með fimm sæti. Íhaldsflokkurinn fái hins vegar 42 þingmenn og missi sex.

Framfaraflokkurinn myndi missa einn þingmann og fá 28, Frjálslyndi flokkurinn myndi missa einn og fá átta og Kristilegir demókratar missa tvo og einnig fá átta. Ljóst er því að það stefnir í að báðir ríkisstjórnarflokkarnir og flokkarnir tveir sem verja stjórnina vantrausti virðast ætla að missa þingmenn. **– þea**



**Samkvæmt könnunum heldur stjórn Ernu Solberg velli.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Dælustöðin er nærri Nauthólsvík.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Skólp lak í sjó við Skeljanes

**UMHVERFISMÁL** Vegna bilunar fór skólp í sjó frá dælustöðinni við Skeljanes í Skerjafirði í gærmorgun. Þetta kemur fram á vef Veitna og er fólki bent á að fara ekki út í sjó eða vera á ströndinni í grennd við dælustöðina.

Dælustöðin við Skeljanes er skammt frá ylströndinni í Nauthólsvík en á vef Veitna segir að beðist sé velvirðingar á biluninni.

Fyrr í sumar var óhreinsuðu skólpi hleypt í sjóinn frá dælustöðvunum við Skeljanes og Faxaskjól vegna viðgerðar sem gera þurfti á neyðarlokum.

Mjög var gagnrýnt að borgarbúar hefðu ekki tafarlaust verið látnir vita af biluninni fyrr í sumar. **– tpt**

## Rútu var ekið langt yfir hámarkshraða

**LÖGREGLUMÁL** Ökumanni hópferðabifreiðar var veitt eftirför á Reykjanesbrautinni á þriðja tímanum í fyrrinótt. Ökuhraði bifreiðarinnar hafði mælst 116 kílómetrar á klukkustund og var ökumanninum bent á að stöðva för sína.

Ökumaðurinn sinnti ekki merkjum lögreglunnar og var honum veitt eftirför þar til hann stöðvaði aksturinn. Ökumanninum var gert ljóst að skýrsla yrði rituð á málið. **– jhh**

# Þykir súrt hvernig stjórnvöld beita Dyflinnarreglugerðinni

**Forstjóri Barnaverndarstofu segir það pólitíska ákvörðun að senda hælisleitendur beint úr landi á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Samfylkingin hyggst leggja fram frumvarp til að veita tveimur fjölskyldum ríkisborgararétt. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir það vandamál hve langan tíma tekur að afgreiða mál.**

**STJÓRNSÝSLA** Forstjóri Barnaverndarstofu segir það súrt að Dyflinnarreglugerðinni sé beitt með þeim hætti sem nú er gert. Þingflokkur Samfylkingarinnar hyggst leggja fram frumvarp til að veita tveimur ungum stúlkum og fjölskyldum þeirra ríkisborgararétt.

Fyrir helgi var sagt frá því að senda ætti tvær flóttafjölskyldur úr landi. Önnur þeirra samanstendur af afgönskum feðginum, Haniye og Abrahim Malekym, en hin af nígerísku pari, Joy og Sunday, með átta ára dótturina Mary. Hvorug stúlknanna hefur nokkurn tímann drepið niður fæti í upprunalandi sínu.

„Mér þykir þetta nokkuð súrt. Ef við lítum til dæmis á mál þessara tveggja stúlkna þá fær það ekki efnislega meðferð,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu. Hann bendir á að í Dyflinnarreglugerðinni felist aðeins heimild til að senda fólk til baka en ekki skilyrðislaus skylda.

„Í raun er þetta aðeins pólitísk ákvörðun ráðherra sem er dapurleg með hliðsjón af þeim málum sem verið hafa í umræðunni núna. Ég tel rétt að mannúðarsjónarmið eigi að skipa ríkari sess,“ segir Bragi.

Alþingi kemur saman á ný til funda á morgun. Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur nú þegar boðað eitt af sínum fyrstu málum á þinginu. Í því frumvarpi felst að Alþingi veiti stúlkunum tveimur og fjölskyldum þeirra ríkisborgararétt með beinni lagasetningu.

„Við stöndum að baki þessu og höfum boðið fólki úr öðrum flokkum að vera meðflutningsmenn. Einhverjir hafa lýst yfir áhuga á að vera með en það skýrist að loknum þingflokksfundum á morgun hverjir verða með að lokum,“ segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar.

Tvær leiðir eru til að fá ríkisborgararétt. Annars vegar stofnanaleiðin og hins vegar hefur myndast sú hefð að tvisvar á ári veiti Alþingi nokkrum íslenskt ríkisfang. Undanfarin ár hafa þau frumvörp verið lögð fram af allsherjar- og menntamálanefnd.



**Vegleg afmælisveisla var haldin til heiðurs Hanyie í sumar að viðstöddu fjölmenni.** FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY BJÖRNSDÓTTIR

> **Það er auðvitað vandamál hvað afgreiðsla mála tekur langan tíma,**
>
> Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

„Mér er alveg sama hvaða leið þetta mál fer í gegnum þingið. Aðalatriðið er að það verði samþykkt,“ segir Logi. „Í greinargerð frumvarpsins fylgja skýr skilaboð þess efnis að löggjafinn ætlist til þess að réttindi barnsins séu virt. Það er Alþingi sem ákveður stefnuna sem stofnanir eiga að fylgja en ekki öfugt.“

„Það er auðvitað vandamál hvað afgreiðsla mála tekur langan tíma og það býr til jarðveg fyrir mál sem þessi,“ segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður allsherjar- og menntamálanefndar. Hún segir að það hafi ekki komið til tals að frumvarp sem þetta væri lagt fram af nefndinni. **johannoli@frettabladid.is**


Jeep

SLÁANDI SEPTEMBER AFSLÁTTUR

COMPASS

Með 500.000 kr. afslætti
DÆMI: Limited 5.890.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 5.390.000 kr.



- 500.000 kr.

Allir sem kaupa eða panta nýjan Jeep hjá Ís-Band í september, geta fengið sláandi afslátt.

*Tilboðið gildir til 30. september 2017

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

# Algert bíó!

## 5x í bíó og 25 GB fylgja öllum símum hjá Nova



5x Í BÍÓ
25 GB
fylgja!

**iPhone 7** 32 GB

**99.990 kr.** stgr.

iPhone 7 Plus 32 GB **114.990 kr.** stgr.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**



**Hillary Clinton, fyrrverandi forsetaframbjóðandi.** NORDICPHOTOS/AFP

## Clinton ætlar aldrei aftur í framboð

**BANDARÍKIN** „Ferli mínum sem virkum þátttakanda í stjórnmálum er lokið,“ sagði Hillary Clinton, fyrrverandi forsetaframbjóðandi Demókrata og öldungadeildarþingmaður, í viðtali við CBS í gær. Mun hún því ekki bjóða sig fram á ný eftir að hafa tapað gegn Donald Trump í forsetakosningum síðasta árs.

„Ég verð ekki aftur frambjóðandi. Ég er hins vegar ekki enn hætt afskiptum af stjórnmálum af því ég trúi því að framtíð landsins okkar sé bókstaflega í húfi,“ sagði Demókratinn og fyrrverandi forsetafrúin enn fremur.

Clinton var í viðtali við CBS til að koma nýrri bók sinni á framfæri. Bókin nefnist Hvað gerðist? og fjallar Clinton þar um reynslu sína af kosningabaráttu síðasta árs, ósigurinn gegn Trump og að ábyrgðin liggi hjá henni sjálfri. – **þea**

## Nýr iPhone kynntur

**TÆKNI** Sögusagnir eru á kreiki um að nýjasta útgáfa iPhone símans muni bera heitið iPhone X. Þrjár nýjar útgáfur, ásamt nýju Apple Watch og fleiru, verða kynntar á morgun. Talið er að það verði iPhone 8, iPhone 8 Plus og iPhone X.

Upplýsingar um nöfnin komu fram í gögnum um stýrikerfi símanna sem láku frá Apple Inc. Voru upplýsingarnar birtar á netinu í gær. Upplýsingafulltrúi Apple neitaði þó að svara fyrirspurnum um málið.

Í ár eru áratugur liðinn frá því að fyrsti iPhone síminn kom út. Í hvert skipti sem ný útgáfa af iPhone kemur á markað fara af stað miklar vangaveltur og sögusagnir um heiti hans. – **þv**

> **Í ár er áratugur liðinn frá því að fyrsti iPhone síminn var settur í sölu. Eftirvænting ríkir í hvert sinn sem nýr iPhone kemur á markað.**

# Hlaupið í leðjunni



**Leðjuhlaup fór fram í Schipkau í Þýskalandi um helgina. Í hlaupinu þurftu þátttakendur að hlaupa 18 kílómetra í mikilli leðju. Slík þolraun þykir reyna bæði á andlegan og líkamlegan styrk. Af myndum að dæma virðast þátttakendur hafa skemmt sér ágætlega.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Forsætisráðherra styður samkynja hjónavígslur

**ÁSTRALÍA** Malcolm Turnbull, forsætisráðherra Ástralíu, lýsti því yfir í gær að hann væri fylgjandi því að heimila samkynja hjónavígslur þar í landi. Þessu lýsti hann yfir þegar hann hélt óvænta ræðu á baráttufundi með rúmlega 20.000 Áströlum í Sydney í gær.

Ástralska ríkisstjórnin ákvað um helgina að efna til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu þar í landi til þess að kanna hug almennings. Verður atkvæðagreiðslunni þannig háttað að kjósendur senda kjörseðla sína með pósti.

Þar sem atkvæðagreiðslan er einungis ráðgefandi mun hún ekki leiða til þess að samkynja hjónavígslur verða heimilaðar nema ástralska þingið taki málið fyrir. Þess er þó að vænta að þingið muni taka málið fyrir, sé meirihluti fyrir því að heimila samkynja hjónavígslur. – **þea**

# Næstum þrjátíu brot verið tilkynnt á áratug

**Ofbeldismál sem berast fagráði íslensku þjóðkirkjunnar eru ekki bara kynferðisbrotamál. Tíu málum hefur verið lokið með sátt milli aðila. Formaður fagráðsins segir marga þolendur ekki vilja leita lengra með mál sem upp koma.**

**SAMFÉLAG** Alls hafa 27 kynferðisbrot komið inn á borð fagráðs íslensku þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota síðustu tíu ár, þar sem starfsmenn kirkjunnar eru sakaðir um brot. Að minnsta kosti tveir þolendur eru börn.

„Ekki er alltaf um meint kynferðisbrot að ræða heldur einnig ýmis önnur mál sem til dæmis snúa að meintu annars konar ofbeldi,“ segir Elína Hrund Kristjánsdóttir, sóknarprestur í Odda og formaður fagráðsins.

Hún segir tíu málum að minnsta kosti hafa verið lokið með sátt milli allra aðila á þessu tímabili. „Mörg þessara 27 mála voru fyrnd en ávallt er tekið á móti fólki og hlustað á sögu þess. Mörg vilja ekki fara með málin lengra en þykir rétt og gott að vita að tekið er á móti þeim og þeim veittur allur þá stuðningur sem hægt er að veita,“ segir Elína Hrund.

Þjóðkirkjan setti sér starfsreglur árið 1998 um meðferð kynferðisbrota innan kirkjunnar. Reglurnar taka aðeins til meintra brota sem framin eru af starfsmanni kirkjunnar, hvort sem um er að ræða einstakling í fastri stöðu, tímabundinni eða sjálfboðaliðastarfi á vegum kirkjunnar. Samkvæmt reglum skulu öll kynferðisbrotamál fara til fagráðs og óheimilt er að afgreiða kynferðisbrot innan söfnuða.

Fagráð hefur ekki úrslitavald til að beina málum til lögreglu að mati formanns. Þolendum stendur þó sú leið auðvitað til boða og stuðningur kirkju er veittur. Hins vegar er öllum málum er varða börn vísað til barnaverndar. Tvö mál hafa komið upp varðandi ungleiðtoga sem farið hafa til barnaverndar og þaðan til lögreglu.

„Dómsmál hafa gengið þar sem viðkomandi meintur brotamaður var sýknaður af ásökunum en viðkomandi sóknarnefnd og söfnuður voru ekki sátt og fór málið þá til úrskurðarnefndar og var sá aðili færður til í starfi,“ bætir Elína Hrund við.

Fagráð kirkjunnar er skipað, auk Elínu, þeim Sigurði Rafni A. Levy sálfræðingi og Höllu Bachman lögfræðingi. Varamenn eru þau Kjartan Sigurbjörnsson sjúkrahússprestur og Vilborg Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur.

**sveinn@frettabladid.is**



**Þjóðkirkjan setti sér starfsreglur árið 1998 um meðferð kynferðisbrota innan kirkjunnar. Öll kynferðisbrotamál skulu tilkynnt fagráði.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Mörg þessara 27 mála voru fyrnd en ávallt er tekið á móti fólki og hlustað á sögu þess.**
>
> Elína Hrund Kristjánsdóttir, formaður fagráðsins





# SÍÐASTI SÉNS!

# TAX FREE

# SNYRTIVÖRU DAGAR

DAGANA 7.-11. SEPTEMBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Svo öflugur var stormurinn í Miami í gær að byggingarkranar brotnuðu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Milljónir flúðu áður en Irma skall á

Fjórða stigs fellibylur skall á Flórída í Bandaríkjunum í gær eftir að hafa farið yfir Karíbahaf. Íbúi í Tampa segir við Fréttablaðið að fólk sitji fast því ekki sé hægt að fá bensín í ríkinu. Ríkisstjóri Flórída ætlar að gera allt sem í hans valdi stendur til að vernda borgarana.

**BANDARÍKIN** Að minnsta kosti 6,3 milljónum manna var skipað að flýja Flórídaríki í Bandaríkjunum áður en fjórða stigs fellibylurinn Irma skall á ríkinu í gær. Varað var við því að stormurinn væri lífshættulegur. Ekki flúðu allir sem gert var að flýja.

Jette Margrethe Dige Rokos er ein þeirra sem flúðu heimili sín. Hún er dönsk, búsett í Tampa og var áður kennari í Borgarholtsskóla. Flúði hún til borgarinnar Nashville í Tennessee.

„Við fórum frá Tampa á fimmtudagsmorgun. Við búum í Tampa nálægt MacDill herstöðinni og það er sjór þar báðum megin við okkur. Það er búist við því allra versta," segir Jette.

Hún keyrði alla leið til Nashville á fimmtudag og segir það hafa tekið fimmtán klukkustundir. „Alla leiðina út úr Flórída var hvergi hægt að fá bensín. Það var strax á fimmtudag. Við stoppuðum til dæmis í bæ sem heitir Perry, alveg nyrst í Flórída. Þar var dálítið óhugnanlegt að sjá plastpoka utan um bensíndælurnar. Þar var ekkert að fá."

Jette segir sig og sína vel setta. Hún hafi verið vel undirbúin, með nóg af bensíni, peninga í lausu og ágætis bíl. Sömu sögu var ekki að segja af vinafólki hennar sem býr í borginni Sarasota í Flórída. „Ég á vinkonu í Sarasota og hún var ein heima með tvo stráka. Hún gat ekki fengið bensín á bílinn sinn og situr þess vegna ennþá föst í Sarasota."

Jafnvel á fimmtudagsmorgun, þegar hún var að undirbúa sig fyrir brottför, var Jette ekki viss um að það væri nauðsynlegt að fara. „Við höfðum ennþá þessa tilfinningu að þetta væru dálítlar ýkjur. Svo kemur í ljós að við hefðum eiginlega átt að hafa meiri farangur með okkur því við getum ekki snúið til baka í bráð. Það verður að vera komið rafmagn á, annars erum við í 35 stiga hita með enga loftræstingu," segir hún og bætir því við að hún hafi enga hugmynd um hvenær hún komist heim til Tampa aftur.

Jette segist hins vegar ekki hafa miklar áhyggjur af heimili sínu. Hún búi í sterkbyggðu húsi sem sé með þeim betri á svæðinu.

Irma skall á Keys-svæðinu á suðurodda ríkisins af miklum ofsa en hélt síðan áfram í norðurátt, yfir meðal annars Miami og Tampa. Meðalvindhraði Irmu var um 58 metrar á sekúndu sem er nokkuð minna en þegar fellibylurinn var yfir Karíbahafi.

Samkvæmt nýjustu spá bandarísku veðurstofunnar áður en Fréttablaðið fór í prentun var talið líklegt að stormurinn myndi fara í norðvestur en áður hafði því verið spáð að Irma færi í norðaustur og myndi ganga yfir austurströnd Georgíu.

Vegna þess sagðist Rick Scott, ríkisstjóri Flórída, hafa þungar áhyggjur af vesturströnd ríkisins í viðtali við NBC í gær. „Við ætlum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að vernda hvern einasta íbúa ríkisins," sagði ríkisstjórinn.

Scott sagði jafnframt að um 10.000 þjóðaröryggisverðir hefðu verið kallaðir til ríkisins til að hjálpa þeim sem urðu eftir. „Ég veit að stormurinn er mikið gjöreyðingarafl og lífshættulegur en ég hef einnig miklar áhyggjur af flóðum."

Þá lofaði Scott Almannavarnir Bandaríkjanna (FEMA) og Donald Trump forseta. „Þau hafa hjálpað okkur með öllum tiltækum ráðum. Þau vita að það verður gríðarlega mikil vinna að byggja ríkið upp eftir storminn en við erum tilbúin. „Ég hef unnið af miklu kappi, eins og aðrir, að því að fá fólk til að rýma svæðið og ég vona að það hafi sem flestir farið."

Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu þrjú látið lífið í Flórída vegna Irmu, öll létust þau í bílslysum. Að minnsta kosti 27 höfðu látið lífið á eyjum Karíbahafsins en þar gekk stormurinn meðal annars yfir Kúbu, Púertó Ríkó, Sankti Martin og Barbúda með þeim afleiðingum að byggingar hrundu, innviðir löskuðust og rafmagn fór af.

thorgnyr@frettabladid.is



Tré rifnuðu upp með rótum í Pembroke Pines á suðurodda Flórída í gær. NORDICPHOTOS/AFP



Götur miðborgar Miami breyttust á augabragði í beljandi stórfljót vegna gríðarlegrar rigningar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# TIL HAMINGJU MEÐ SIGURINN




BORGUN

BORGUNAR
BIKARINN



Jens Stoltenberg, framkvæmdstjóri NATO. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Heimurinn allur svari Norður-Kóreu

**NORÐUR-KÓREA** Heimsbyggðin öll þarf að svara kjarnorkutilraunum Norður-Kóreu. Þetta sagði Jens Stoltenberg, framkvæmdstjóri Atlantshafsbandalagsins (NATO) við BBC í gær. „Allri heimsbyggðinni stafar ógn af þeim og öll heimsbyggðin þarf því að svara þeim,“ sagði Norðmaðurinn og bætti því við að NATO væri að sjálfsögðu ekki undanskilið.

Stoltenberg neitaði þó að fullyrða að fimmta grein NATO-sáttmálans, er snýr að því að árás á eitt bandalagsríki teljist árás á öll, yrði virkjuð ef Norður-Kórea gerir árás á bandarísku eyjuna Gvam líkt og hótað hefur verið. „Ég mun ekki setja fram einhverjar vangaveltur um hvort fimmta greinin eigi við í því tilfelli,“ sagði Stoltenberg. **– þea**

## Mikill munur á dömubindum

**NEYTENDUR** Bónus á Korputorgi var oftast með lægsta verðið í könnun verðlagseftirlits ASÍ sem gerð var þann 5. september. Verslunin var með lægsta verðið í 44 af 90 tilfellum en þar á eftir kom Víðir í Skeifunni með lægsta verðið í 14 tilvikum. Iceland í Engihjalla var oftast með hæsta verðið eða í 40 tilvikum.

Mesti verðmunurinn var í stykkjaverði á dömubindum. Þau voru ódýrust í Bónus á Korputorgi, á 11 krónur, en dýrust í Kjörbúðinni – Samkaupum í Bolungarvík og Iceland í Engihjalla, á 36 krónur. Þetta er 25 króna verðmunur, eða 227 prósent. **– khn**

# Þolandi heimilisofbeldis fær ekki gjafsókn frá ríkissjóði

**Það er mikilvægt að þolendur alvarlegs heimilisofbeldis hafi eðlilegan aðgang að dómskerfinu, segir lögmaður einstæðrar móður sem hefur verið synjað um gjafsókn. Konan sækir um skilnað frá eiginmanni sínum og fulla forsjá barna sinna. Eiginmaðurinn hefur ítrekað brotið gegn nálgunarbanni og er flúinn.**

**DÓMSMÁL** Tveggja barna móðir sem höfðaði dómsmál til að fá lögskilnað frá eiginmanni sínum sem beitti hana ofbeldi fær ekki gjafsókn frá ríkinu. Maðurinn flúði land og hefur verið ákærður fyrir ítrekuð ofbeldisbrot. „Gjafsóknarnefnd gætir ekki jafnræðis,“ segir Kristrún Elsa Harðardóttir, lögmaður konunnar.

„Þessi kona var í langvarandi ofbeldissambandi sem henni tókst að koma sér úr. Maðurinn hefur sætt þremur nálgunarbönnum og hefur brotið þau sextán sinnum. Það er evrópsk handtökuskipun á hann í gildi. Konan hefur notið aðstoðar lögreglu vegna málsins en svo mætir hún mótlæti kerfisins þarna,“ segir Kristrún Elsa og ítrekar erfiða félagslega stöðu konunnar. „Hún er í dag einstæð tveggja barna móðir og býr í leiguhúsnæði. Eina leiðin fyrir hana til að fá skilnað var að höfða dómsmál vegna flótta mannsins úr landi. Kostnaðurinn lendir allur á henni,“ segir Kristrún Elsa sem segist áður hafa fengið samþykkta gjafsókn í sambærilegum málum. Bæði í skilnaðar- og í forsjármálum þar sem tekjur eru yfir viðmiði. Við í lögmannastétt höfum oftsinnis gagnrýnt störf nefndarinnar og mat hennar.“

Þegar sótt er um gjafsókn á grundvelli efnahags er almennt miðað við að tekjur nemi ekki hærri fjárhæð en samtals tveimur milljónum króna.

Reglur um gjafsókn eru hins vegar sveigjanlegar að þessu leyti því tekið er fram að það megi veita einstaklingi gjafsókn þótt tekjur hans séu yfir viðmiðunarmörkum í vissum tilvikum. Félagsleg staða umsækjenda og aðstæður eru einnig metnar. Til dæmis þegar umsækjandi á ekki íbúðarhúsnæði eins og umrædd kona og leigukostnaður er verulegur.




Kristrún segir að málið hafi verið dómtekið en kostnaðinum verði velt yfir á konuna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Einnig þegar framfærslukostnaður er hár eins og er í hennar tilfelli með tvö börn á framfæri. Einnig má víkja frá tekjuviðmiði þegar málskostnaður verður fyrirsjáanlega hár miðað við efnahag umsækjanda.

Kristrún nefnir að helsta gagnrýni lögmanna felist í því að löggjafinn þurfi að fara yfir og ákveða í hvaða málaflokkum sé tilefni til að veita gjafsókn án tekjutengingar.

Ýmsir gætu sagt að lögmenn hafi beina hagsmuni af því að gjafsóknir verði fleiri án tekjutengingar. Kristrún Elsa segir það af og frá. „Það er skelfilegt ef þröngar gjafsóknarreglur og synjanir nefndarinnar valda því að konur losna ekki við ofbeldismanninn úr lífi sínu. Borgarar verða að njóta jafnræðis fyrir lögum. Ég hef áður fengið gjafsókn þegar tekjur eru hærri og skjólstæðingur minn ekki í jafn vondri stöðu. Þá hef ég einnig fengið gjafsókn í forsjármálum. Þetta er ótækt. Mér finnst afar mikilvægt að konur sem hafa ef til vill barist árum saman séu ekki stöðvaðar þarna.

> Borgarar verða að njóta jafnræðis fyrir lögum. Ég hef áður fengið gjafsókn þegar tekjur eru hærri og skjólstæðingur minn ekki í jafn vondri stöðu.
>
> Kristrún Elsa Harðardóttir, héraðsdómslögmaður



Þessi kona stóð sig vel, hún kom sér út úr ofbeldissambandinu, var í góðu sambandi við lögreglu. Þá hefur hún unnið börnum sínum farborða og er refsað fyrir það. Mál hennar hefur verið dómtekið og líklegt að hún fái lögskilnað og fulla forsjá barna sinna. En nú veltir kerfið afleiðingunum, kostnaðinum, á hana.“ **kristjanabjorg@frettabladid.is**


Tæki færi

Framúrskarandi fyrirtæki 2016




SIEMENS
Uppþvottavél
14 manna. Sex kerfi. Hljóð: 44 dB. Hnífaparaskúffa. Einnig fáanleg í stáli.
Tækifærisverð: SN 436W02MS
77.900 kr.
Fullt verð: 99.900 kr.

SIEMENS
Þvottavél
Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð.
Tækifærisverð: WM 14N18SDN
94.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is




Aukinn fjöldi rafbíla gæti leitt til meiri loftgæða í Peking. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Kínverjar vilja banna bensín- og dísilbíla

**KÍNA** Ríkisstjórn Kína lýsti því yfir í gær að hún vildi banna framleiðslu og sölu bensín- og dísilbíla þar í landi. Xin Guobin, staðgengill iðnaðarráðherra landsins, sagði í viðtali við fréttastofu Xinhua að ríkisstjórnin kannaði nú hvernig best væri að koma slíku banni á.

„Þessar aðgerðir munu vissulega hafa í för með sér miklar og djúpstæðar breytingar á bifreiðaiðnaðinum í landinu,“ sagði Xin, en Kína er stærsti bifreiðamarkaður heims. Til að mynda framleiddu Kínverjar 28 milljónir bíla á síðasta ári, næstum þriðjung allra bíla sem framleiddir voru í heiminum.

Kínverjar slást með þessu í hóp með Bretum og Frökkum sem hafa nú þegar lýst því yfir að til standi að banna bensín- og dísilbíla fyrir árið 2040 í því skyni að draga úr loftslagsbreytingum.

Þá greindu forsvarsmenn bílaframleiðandans Volvo, sem er í eigu Kínverja, frá því í júlí að frá og með 2019 yrðu allir bílar fyrirtækisins rafknúnir. Hyggst Volvo selja milljón rafbíla fyrir árið 2025.

Sjálfir vilja Kínverjar að rafbílar og tvinnbílar verði að minnsta kosti fimmtungur allra seldra bíla fyrir árið 2025. Tillögur Kínverja enn sem komið er miða að því að í það minnsta átta prósent seldra bíla verði að vera rafbílar eða tvinnbílar á næsta ári. Það hlutfall mun hækka í tólf prósent árið 2020. **– þea**




KIA
The Power to Surprise

## Nýir straumar frá Kia

Komdu og kynntu þér glæsilegan rafbílaflota Kia. Kostir umhverfisvænna bíla eru margir og vinsældir rafbílsins hafa aukist á ógnarhraða. Við erum með einstakt úrval af Hybrid–, Plug–in Hybrid– og rafbílum sem allir eru hlaðnir spennandi tæknilausnum. Öllum bílum fylgir hin einstaka 7 ára ábyrgð Kia.

**Komdu og finndu rétta rafbílinn fyrir þig. Við tökum vel á móti þér.**

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

## Fólk fyrir fólk



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Alþingi Íslands verður sett á morgun eftir það sem sumum þykir vera helst til langt sumarfrí. Það er rétt að taka fram að þingmenn sem sinna vinnu sinni af virðingu hafa ekki setið auðum höndum þennan tíma. Langt frá því. Það er annað mál hvort það sé ríkisvaldinu hollt að vera svo langa tíð án þess aðhalds og þeirrar lýðræðislegu umræðu sem þinginu er ætlað að veita. Það er mikilvægt að muna að á Alþingi sitja fulltrúar fólksins en ekki afgreiðslufulltrúar ráðherra eða stofnana. Valdið er þjóðarinnar.

Það er því hálf dapurlegt að sjá Sigríði Á. Andersen, þingmann og dómsmálaráðherra, segja að það komi ekki til greina að „endurskoða mál sem dúkka hérna tilviljanakennt upp í umræðunni“. Eða hvað þá að „taka fram fyrir hendurnar á sjálfstæðri stjórnsýslustofnun eins og kærunefnd í málum sem hafa fengið tvöfalda málsmeðferð hér á landi“. Málin sem um ræðir er brottvísun þeirra Haniye, 11 ára, og Mary, átta ára, og fjölskyldna þeirra en þau bíða þess að vera vísað úr landi á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Um 15 þúsund Íslendingar undirrituðu áskorun þess efnis að þau fengju íslenskt ríkisfang og að íslensk stjórnvöld settu hagsmuni barnanna í öndvegi í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Að segja málið „dúkka tilviljanakennt upp í umræðunni“ verður því vart sagt fela í sér mikla virðingu fyrir lýðræðislegri umræðu. Í raun væri mun meiri ástæða til þess fyrir ráðherra að hafa áhyggjur af stjórnsýslustofnun sem virðist ítrekað velja að beita Dyflinnarreglugerðinni fremur en að horfa til Barnasáttmálans. Að þúsundum sé ekki mætt af meiri virðingu en raun ber vitni þegar kallað er eftir endurskoðun ákvarðana og lýðræðislegri umræðu er auðvitað gríðarlegt áhyggjuefni.

Stjórnvaldi sem virðist vera sama um undirskriftalista og útifundi, svo ekki sé minnst á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, er stjórnvald sem full ástæða er til að hafa áhyggjur af. Vonin er hins vegar fólgin í þingmönnum sem þora að taka skýra og afdráttarlausa afstöðu með mannúð og mannréttindum.

Það gerði Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Viðreisnar, í Facebook færslu á föstudaginn þar sem sagði að okkur bæri að taka á málefnum flóttafólks af mannúð og samkennd. Í lok færslu sinnar skrifaði hún: „Ég styð heilshugar að þessar tvær fjölskyldur fái að halda áfram að byggja upp nýtt líf hér á landi. Að baki þeim stuðningi mínum liggja mannúðarástæður. Stundum er það einfaldlega nóg.“

Þetta er rétt hjá Hönnu Katrínu, stundum er einfaldlega nóg að láta mannúðarástæður ráða för og kannski ætti það að vera reglan fremur en undantekningin. Það er líka spurning hvort það sé ekki kominn tími til þess að þingmenn endurheimti völd þjóðarinnar sem fulltrúar hennar. Mál þeirra Haniye, Mary og fjölskyldna þeirra gæti verið tilvalið tækifæri til þess þar sem þingmenn þvert á flokka gætu sameinast um að berjast fyrir þetta fólk og um leið fyrir þær raddir sem eiga að fá að hljóma í lýðræðisríki. Fólk fyrir fólk en ekki fólk fyrir kerfi.

**Að þúsundum sé ekki mætt af meiri virðingu en raun ber vitni þegar kallað er eftir endurskoðun ákvarðana og lýðræðislegri umræðu er auðvitað gríðarlegt áhyggjuefni.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Samhugur**

**Mál tveggja stúlkna, Haniye og Mary, hefur vakið athygli síðastliðna daga. Kærunefnd útlendingamála hefur synjað beiðnum um að þær fái hæli hér á landi. Um þúsund manns mættu á Austurvöll til að sýna þeim stuðning og þingmenn Samfylkingarinnar hafa heitið því að flytja þingmál þess efnis að þær fái íslenskan ríkisborgararétt. Einn harðasti naglinn í blaðamannastétt hefur skrifað grein hér í Fréttablaðið stúlkunum til stuðnings og bent á að Alþingi hafi tekið afstöðu með fólki sem vildi fá ríkisborgararétt hér á landi, eins og íþróttamönnum og jafnvel fjölskyldumeðlimum stjórnmálamanna.**

**Prinsippkonan**

**Ríkisútvarpið spurði dómsmálaráðherra Sigríði Á. Andersen hvort hún myndi beita sér í máli stelpnanna tveggja og ekki stóð á svari. „Nei, það kemur ekki til greina að endurskoða mál sem dúkka hérna tilviljanakennt upp í umræðunni. Það kemur ekki til greina af minni hálfu sem ráðherra að taka fram fyrir hendurnar á sjálfstæðri stjórnsýslustofnun eins og kærunefnd í málum sem hafa fengið tvöfalda málsmeðferð hér á landi,“ segir hún. Sama hvað sagt verður um Sigríði Andersen þá skal enginn saka hana um að eltast við almenningsálitið.**

jonhakon@frettabladid.is

## Blóð, sviti og tár



Ellert B. Schram
formaður Félags eldri borgara í Rvík og nágrenni

Yndislegu sumri er að ljúka og tíminn er fljótur að líða þegar gaman er að vera til. Ekki síst hjá fólki sem komið er á efri ár og elskar hvern dag sem er dýrmætur.

Í félagi eldri borgara eru nú skráðir yfir ellefu þúsund manns, sem er met. Það er annasamt að vera formaður í svona stórum félagsskap, en um leið gefandi og ykkur að segja hef ég gaman og gagn af afskiptum mínum af margskonar viðburðum og samtölum.

Ekki er þar alltaf á vísan að róa, þegar leitað er upplýsinga um kjör og réttindi eldra fólks. Kerfið er stundum lítt skiljanlegt. Það þarf blóð, svita og tár til að laga það til.

Ein furðulegasta uppákoman er svokallað frítekjumark, sem felur í sér að þeir sem eiga rétt á ellilífeyri úr almenna tryggingarkerfinu, eru skertir í bótakerfinu, ef þeir vinna fyrir launum, sem gætu hjálpað þeim að eiga fyrir útgjöldum, mat og heilsueflingu, hjálpað þeim að njóta lífsins í staðinn fyrir að verða afgangsstærð í samfélaginu. Með öðrum orðum: Þau eru föst í fátæktargildru.

Hverjum datt í hug að búa til svona kerfi? Af hverju er það ekki þurrkað burt með einu pennastriki? Af hverju dettur engum í hug á sextíu og þriggja manna Alþingi að leggja niður þessa vitleysu? Þessa óskiljanlegu fátæktargildru?

Ég get með engu móti skilið eða sætt mig við þá ákvörðun stjórnvalda, að búa til kerfi og lög sem fela í sér tillitsleysi gagnvart elstu kynslóðinni, fólkinu sem á að gleðjast á sinni lífsgöngu og vera með í daglegu lífi til æviloka.

Frítekjumarkið er afskræmi kerfisins í heimi „excel-skjala“. Og svo eru stjórnmálaflokkar notaðir til að „passa upp á tekjur ríkisins“ í einhverjum fjármálaáætlunum! Á kostnað eldri borgara sem eiga það inni hjá samfélaginu að fá að eiga áhyggjulaust ævikvöld.

**Af hverju dettur engum í hug á sextíu og þriggja manna Alþingi að leggja niður þessa vitleysu? Þessa óskiljanlegu fátæktargildru?**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Heilræði Snyders

**Í DAG**



Guðmundur Andri Thorsson

Það var gaman að upplifa Bókmenntahátíð, heyra og sjá höfunda héðan og þaðan úr heiminum, skynja hversu frábrugðnir þeir eru okkar höfundum – hver á sinn hátt – og hversu líkir. Og það var ánægjulegt að sjá hversu vel sóttir viðburðir hátíðarinnar voru nú sem endranær og finna þá sérstöku stemmningu sem skapast þegar höfundur les fyrir fullan sal af fólki úr verkum sínum; þegar loftið titrar af orðum sem koma streymandi úr hugskoti skálds, alls konar orðum sem þéttast saman í setningar og málsgreinar áður en þeim rignir ofan í hugskot hlustenda. Þetta eru viðkvæmar og brothættar stundir, öll þessi heilabú opin upp á gátt í samlæti.

**Blóðakrar**

Meðal gesta var bandaríski sagnfræðingurinn Timothy Snyder sem hélt fyrirlestur fyrir sagnfræðinga og talaði svo við Halldór Guðmundsson fyrir troðfullu Norræna húsi. Snyder hefur ritað merkar bækur um sögu Austur-Evrópu á síðustu öld og þá skelfilegu atburði sem þar dundu yfir þjóðirnar, og eru svo nærri okkur í tíma að manni rennur kalt vatn milli skinns og hörunds þegar maður hugsar út í það.

Bók hans Bloodlands: Europe between Hitler and Stalin er tímamótaverk í því að fá heildarmynd af þeirri vargöld sem geisaði þar um slóðir um miðja síðustu öld. Snyder segir að fram til þessa hafi um of verið horft á þessa sögu út frá þröngum sjónarhól einstakra þjóða eða í metingi um það hvor hafi nú verið verri fjöldamorðingi Hitler eða Stalín, og ekki nægur gaumur verið gefinn heimildum frá þeim löndum sem fengu yfir sig plágur nasismans og kommúnismans. Blóðakrarnir eru að sögn Snyders Úkraína, Hvíta-Rússland, Pólland og Eystrasaltslöndin. Þessi lönd urðu vettvangur fyrir útrýmingarherferðir Hitlers á hendur Gyðingum – þau dráp fóru ekki fram í Þýskalandi, gagnstætt því sem margir halda; og minnihluti Gyðinga var raunar myrtur í útrýmingarbúðunum; þeir voru margir skotnir í sveitaþorpum og grafnir í fjöldagröfum, svipuð vinnubrögð og tíðkuð voru í stríði Serba og Króata undir lok síðustu aldar.

Í Úkraínu – einu gjöfulasta landi Evrópu – framkallaði Stalín hungursneyð þar sem fjórar milljónir manna dóu. Snyder hefur lært þjóðtungur þessara þjóða til að geta lesið aðrar heimildir en þýskar og rússneskar og dregið margt nýtt fram og hann leggur sig í líma við að leiðrétta missagnir og mýtur, dregur fram samsettan og subbulegan veruleikann sem samanstendur ekki bara af hetjum og fólum heldur líka fólki sem vann með innrásarherjunum, hjálpaði við fjöldamorðin og bjargaði sér með mis-ljósfælnum aðferðum.

Þetta er áminning um það hversu þunn hula siðmenningarinnar er og hversu skelfilegt grimmdarverk hægt er að fá venjulegasta og hversdagsgæfasta fólk til að fremja, takist að skera á samband skynseminnar og siðvitsins – og tæla fólk til fylgilags við firruna og spila á ótta og vanlíðan með því að telja fólki trú um að einhver tiltekinn hópur manna sé óvinur, hvort heldur það er vegna þjóðernis, stéttarstöðu, trúarbragða eða hörundslitar.



**Heilræðaþulan**

Nýlega kom út bók eftir Snyder – eða kannski öllu heldur bæklingur – eða ákall sem hann skrifar í kjölfarið á kjöri Trumps með tilheyrandi sigurför vanþekkingar og lyga. On Tyranny – twenty lessons from the 20th century heitir bókin. Það tekur mann um það bil hálftíma að bruna í gegnum þetta rit, sem er sannkölluð hugvekja og hefur að geyma tuttugu heilræði sem Snyder finnst að síðasta öld hafi kennt okkur, og svo ræðir hann hvert og eitt þeirra í stuttu máli. Hann segir í inngangi, meðal annars:

„Saga Evrópu á tuttugustu öldinni sýnir okkur að þjóðfélög geta brostið, lýðræðið getur fallið, siðareglur geta hrunið og venjulegir menn geta rankað við sér þar sem þeir standa yfir fjöldagröf með byssu í hendi.“ Og nokkru síðar: „Við erum ekkert vitrari en þeir Evrópubúar sem horfðu upp á lýðræðið hopa undan fasisma, nasisma eða kommúnisma á tuttugustu öldinni. Það eina sem við höfum fram yfir þá er að við getum dregið lærdóma af reynslu þeirra. Nú er orðið tímabært að gera það.“

Heilræðin tuttugu eru þessi: að hlýða ekki valdboði í blindni; standa vörð um stofnanir samfélagsins; varast einsflokksræði; ekki venjast táknum á borð við hakakrossa í umhverfi sínu; halda í heiðri siðareglur stétta sinna (hvað lögfræðingar athugi); ekki umbera vopnaburð hópa; vera varkár þurfi maður að bera vopn vegna vinnu sinnar; sýna gott fordæmi; virða eigin þjóðtungu, lesa bækur, ekki hanga of mikið á netinu; trúa því sem satt er; leggjast í rannsóknir; horfa í augun á fólki og spjalla um daginn og veginn; vera til svæðis, fara á fundi og mannfagnaði, hitta fólk; eiga einkalíf; gefa til góðra málefna; ferðast til annarra landa; hlusta eftir hættulegum orðum eins og terroristi og ekki þola misbrúkun á orðum sem tjá ættjarðarást; halda ró sinni þegar hið óhugsandi gerist; vera ættjarðarvinur; vera eins hugrakkur og kostur er.

„Sé ekkert okkar,“ segir Timothy Snyder, „reiðubúið að deyja fyrir frelsið munum við öll deyja undir harðstjórn.“




Sigríður Lára Garðarsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir lyfta Borgunarbikarnum eftir sigurinn á Stjörnunni í bikarúrslitaleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stefnan er sett á að fara út

**Sigríður Lára Garðarsdóttir skoraði markið sem tryggði ÍBV bikarmeistaratitilinn í annað sinn. Hún hefur tekið stórt stökk fram á við og er orðin fastamaður í íslenska landsliðinu. Stefnan er sett á atvinnumennsku.**

**FÓTBOLTI** ÍBV varð á laugardaginn bikarmeistari kvenna í annað sinn í sögu félagsins eftir 2-3 sigur á Stjörnunni á Laugardalsvelli. Sigríður Lára Garðarsdóttir skoraði sigurmark Eyjakvenna úr umdeildri vítaspyrnu þegar átta mínútur voru eftir af framlengingu. ÍBV er því bikarmeistari karla og kvenna 2017. Sannkallað bikarár í Eyjum.

„Þetta var ógleymanlegt. Þetta er fyrsti titillinn minn,“ sagði Sigríður Lára hin kátasta í samtali við Fréttablaðið í gær.

ÍBV lék einnig til úrslita í bikarkeppninni í fyrra. Þá fékk liðið á sig mark strax á upphafsmínútunni gegn Breiðabliki og endaði á því að tapa 3-1.

Á laugardaginn var þessu öðruvísi farið. Aðeins voru liðnar fjórar mínútur af leiknum þegar Cloé Lacasse komst inn í sendingu Kristrúnar Kristjánsdóttur til baka, lék á Gemmu Fay og skoraði.

ÍBV náði ekki að fylgja þessari draumabyrjun eftir og Stjarnan náði forystunni fyrir hálfleik. Stjörnukonur leiddu fram á 89. mínútu þegar Kristín Erna Sigurlásdóttir skoraði eftir sendingu frá Cloé. Sú síðarnefnda fiskaði svo vítið sem Sigríður Lára skoraði sigurmarkið úr.

### Duttu niður eftir frábæra byrjun

„Við byrjuðum af þvílíkum krafti og uppskárum gott mark. Fyrsti hálftíminn var mjög góður en við duttum niður og fengum tvö mörk á okkur. Byrjunin á seinni hálfleik var ekki alveg nógu góð en svo kom aftur kraftur í okkur síðustu 20 mínúturnar,“ sagði Sigríður Lára og bætti við að hún hefði alltaf haft trú á því að Eyjakonur gætu komið til baka sem og þær gerðu.

Sigríður Lára hrósar áðurnefndri Cloé Lacasse sem var maður leiksins á laugardaginn, enda kom hún að öllum þremur mörkum ÍBV; skoraði það fyrsta, lagði upp það annað og fiskaði svo vítið sem sigurmarkið kom úr. Þessi magnaði kanadíski leikmaður er driffjöðurinn í sóknarleik ÍBV og hefur skorað 16 mörk í 19 leikjum í deild og bikar í sumar.

„Hún er rosalega góður leikmaður; dugleg og vinnusöm og frábær liðsfélagi. Við erum mjög ánægð að hafa hana,“ sagði Sigríður Lára um Cloé sem hefur spilað hér á landi undanfarin þrjú ár og skorað 41 mark í 60 leikjum í deild og bikar.

### Dýr jafntefli eftir EM-hléið

ÍBV hafði unnið sjö leiki í röð í deild og bikar með markatölunni 17-1 þegar EM-hléið skall á. Liðið stimplaði sig hins vegar út úr toppbaráttunni í Pepsi-deildinni með því að gera jafntefli í fyrstu þremur leikjunum eftir EM-hléið.

„Þegar maður lítur til baka er svekkjandi að hafa ekki náð að klára þessa leiki. Þetta var einbeitingarleysi hjá okkur,“ sagði Sigríður Lára.

Þessi öfluga Eyjakona hefur átt ansi magnað ár. Hún átti aðeins einn landsleik að baki þegar árið 2017 gekk í garð en nú hefur hún spilað 10 landsleiki og farið á stórmót.

### Bjóst ekki við þessu

„Ég verð að viðurkenna að ég sá þetta ekki fyrir þótt ég hafi sett mér það markmið að komast í landsliðshópinn og á EM. Það var stefnan en ég bjóst ekki við þessu,“ sagði Sigríður Lára sem kom inn í byrjunarlið íslenska landsliðsins í 1-1 jafntefli við Noreg á Algarve-mótinu í mars. Hún stökk nánast fullsköpuð inn í landsliðið og hefur spilað níu af 10 leikjum þess á árinu.

> Ég verð að viðurkenna að ég sá þetta ekki fyrir þótt ég hafi sett mér það markmið að komast í landsliðshópinn og á EM.
>
> Sigríður Lára Garðarsdóttir

„Ég ákvað að nýta tækifærið og sanna mig. Og ég hef greinilega gert það,“ sagði Sigríður Lára sem segist hafa lært mikið á EM, þótt úrslitin hafi verið slæm. „Þetta var hrikalega mikil reynsla, þvílík upplifun og lærdómsríkt. Að spila á þessu getustigi er eitthvað sem mann langar að gera.“

Sigríður Lára segir að hraðinn í landsleikjum gegn góðum liðum sé allt annar og meiri en í Pepsi-deildinni.

### Allt góðir leikmenn á EM

„Maður þarf að venjast hraðanum. Hann er rosalega mikill. Það er gríðarlega mikill munur á því að spila landsleik og leik í Pepsi-deildinni. Leikmennirnir sem maður spilaði á móti á EM voru allir góðir á boltanum og allar sendingar nánast fullkomnar,“ sagði hin 23 ára gamla Sigríður Lára.

En hvert er framhaldið hjá Sláturaranum úr Eyjum, eins og landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson kallar Sigríði Láru?

„Stefnan er klárlega að fara út,“ sagði Eyjakonan sem veit af áhuga að utan. „Það skýrist eftir tímabilið og kemur í ljós.“ **ingvithor@365.is**

## Skaut alltaf yfir



Sigríður Lára fékk það verkefni að taka vítaspyrnuna sem ÍBV fékk í framlengingunni.

„Það kom smá stress þegar hún [Bríet Bragadóttir] dæmdi vítið en ég fór bara með það markmið að skora,“ sagði Sigríður Lára sem sendi Gemmu Fay í rangt horn og skoraði af öryggi.

Sigríður Lára er jafnan örugg á vítapunktinum en það hefur þó ekki alltaf verið svo.

„Ég var ekki vítaskytta fyrstu árin í meistaraflokki og skaut alltaf yfir þegar við fórum í vítaspyrnukeppni. En ég hef æft mig, það er að skila sér og ég orðin miklu öruggari,“ sagði Sigríður Lára sem hefur skorað þrjú mörk úr vítum í sumar.

## Um helgina

**Borgunarbikar kvenna, úrslit**

**Stjarnan - ÍBV 2-3**
0-1 Cloé Lacasse (4.), 1-1 Agla María Albertsdóttir (42.) 2-1 Harpa Þorsteinsdóttir (43.), 2-2 Kristín Erna Sigurlásdóttir (89.), 2-3 Sigríður Lára Garðarsdóttir (112.).

*ÍBV er bikarmeistari 2017.*

**Pepsi-deild karla**

**KR - ÍBV 0-3**
0-1 Gunnar Heiðar Þorvaldsson (22.), 0-2 Hafsteinn Briem (57.), 0-3 Sindri Snær Magnússon (90.).

**Víkingur Ó. - Fjölnir 4-4**
1-0 Pape Mamadou Faye (6.), 2-0 Kenan Turudija (19.), 3-0 Þorsteinn Már Ragnarsson (26.), 3-1 Linus Olsson (29.), 3-2 Ingimundur Níels Óskarsson (36.), 3-3 Olsson (60.), 3-4 Hans Viktor Guðmundsson (82.), 4-4 Turudija (87.).

**Víkingur R. - Stjarnan 2-2**
0-1 Hólmbert Aron Friðjónsson (12.), 1-1 Milos Ozegovic (34.), 2-1 Ívar Örn Jónsson (47.), 2-2 Ævar Ingi Jóhannesson (90+6.).

**ÍA - KA 2-0**
1-0 Stefán Teitur Þórðarson (60.), 2-0 Steinar Þorsteinsson (70.).

**FH - Grindavík 1-0**
1-0 Steven Lennon (19.).

**Valur - Breiðablik 1-0**
1-0 Kristinn Ingi Halldórsson (80.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Valur | 40 | Breiðablik | 24 |
| Stjarnan | 31 | Víkingur R. | 23 |
| FH | 28 | Fjölnir | 20 |
| KR | 26 | Víkingur Ó. | 20 |
| Grindavík | 25 | ÍBV | 19 |
| KA | 24 | ÍA | 13 |

**Olís-deild kvenna**

**Fjölnir - ÍBV 17-28**
**Markahæstar:** Andrea Jacobsen 4, Sara Margrét Brynjarsdóttir 4/4 - Ester Óskarsdóttir 7, Karólína Bæhrenz Lárudóttir 7, Greta Kavaliauskaite 4, Sandra Erlingsdóttir 4/2.

**Olís-deild karla**

**Stjarnan - Selfoss 29-26**
**Stjarnan:** Ari Magnús Þorgeirsson 8, Ólafur Gústafsson 5, Aron Dagur Pálsson 5, Garðar B. Sigurjónsson 3/2, Leó Snær Pétursson 2, Hörður Kristinn Örvarsson 2, Bjarki Már Gunnarsson 1, Hjálmtýr Alfreðsson 1.
**Selfoss:** Hergeir Grímsson 8, Elvar Örn Jónsson 7, Atli Ævar Ingólfsson 5, Teitur Örn Einarsson 4/1, Einar Sverrisson 1, Haukur Þrastarson 1.

TVÖ ÍSLENSK LIÐ ÁFRAM
Valur og FH komust áfram í 2. umferð EHF-bikarsins í handbolta um helgina. Valsmenn léku báða leikina gegn Bozen frá Ítalíu á heimavelli og unnu samanlagt 64-58. FH vann öruggan sigur á Dukla Prag í seinni leik liðanna í Kaplakrika, 31-25. FH-ingar unnu einvígið samanlagt 61-52. Afturelding féll hins vegar úr leik fyrir Bækkelaget frá Noregi. Mosfellingar töpuðu útileiknum 29-27 og einvíginu 55-52 samanlagt.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.45 | Haukar - ÍR | Sport |
| 18.50 | W. Ham - Hudders. | Sport 2 |
| 19.45 | Haukar - Valur | Sport |
| 21.00 | Seinni bylgjan | Sport |

**Olís-deild karla:**
17.45 Haukar - ÍR → 18.00 Haukar - ÍR
19.30 Víkingur R. - Fjölnir

**Olís-deild kvenna:**
20.00 Haukar - Valur

# Fólk

MÁNUDAGUR 11. SEPTEMBER 2017

## Matur



**Helena Helgadóttir ákvað að prófa að rækta gulrætur og kartöflur í litlum, heimasmíðuðum kössum á pallinum hjá sér. Uppskeran í haust var meiri en hún þorði að vona.**

**matur→4**



Fæst í næsta apóteki eða heilsuvöruverslun




MYND/EYÞÓR

# Eldar í símanum

Sous vide eldunaraðferðin nýtur geysilegra vinsælda um þessar mundir. Matthías Þórarinsson matreiðslumaður kennir reglulega námskeið í sous vide. Aðferðin er auðveld og gerir öllum kleift að elda hina fullkomnu máltíð. →2

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Fjölmargir eiga svona sous vide græjur enda voru þær vinsælasta jólagjöfin 2016," segir Matthías sem hefur kennt á annan tug námskeiða í sous vide eldunaraðferðinni síðustu mánuði. Hann segir aðferðina einstaklega skemmtilega en gæjurnar virðast höfða sérstaklega til karla sem eru yfirleitt í meirihluta á námskeiðum hans. „Ætli það sé ekki græjufíknin sem spilar þar inn í enda hægt að tengja sum tækin við app í símanum og dálítið gaman að geta sagst vera að elda í símanum," segir Matthías en tekur fram að eldunaraðferðin henti jafnt konum sem körlum.

En út á hvað gengur sous vide? „Aðferðin byggist á því að pakka hráefninu í matarplast og elda við kjörhita í ákveðinn tíma en það tryggir að hráefnið, hvort sem það er kjöt, fiskur eða grænmeti verður alltaf fullkomlega eldað," segir Matthías. Hefðbundnar aðferðir byggja á því að elda til dæmis kjöt við háan hita með það að markmiði að kjarnhiti þess nái vissu marki. Með sous vide, sem þýðir í raun „undir þrýstingi", er þessu snúið á hvolf með því að elda hráefnið við þann hita sem sóst er eftir.



Hægt er að nota hvaða ílát sem er í sous vide. Aðeins þarf að passa að hráefnið sé allan tímann á kafi í vatni. MYND/EYÞÓR

## Eldgömul aðferð

Þó þessi aðferð njóti nú mikilla vinsælda er hún alls ekki ný af nálinni. „Aðferðin að hægelda undir þrýstingi er meira en tvö hundruð ára gömul en hefur verið notuð af matreiðslumönnum frá áttunda áratugnum," segir Matthías en það voru bandarískir og franskir verkfræðingar sem þróuðu aðferðina á sjöunda áratugnum sem leið til matvælageymslu. Það var síðan kokkurinn Georges Pralus á veitingastaðnum Restaurant Troisgros í Roanne í Frakklandi sem byrjaði að nota þessa aðferð árið 1974 á veitingahúsi sínu. Hann hafði komist að því að andalifrarpaté eða foi gras hélt betur upprunalegu útliti með þessum hætti auk þess sem fita tapaðist ekki úr patéinu við eldun og áferðin varð betri.

## Handhægar græjur

Ástæðan fyrir vinsældum sous vide nú er líklega tilkoma hentugra og ódýrra tækja til heimabrúks. „Hægt er að fá græjur af ýmsum gerðum og nokkrum verðflokkum, allt eftir því hvað fólk vill," segir Matthías en í raun er nóg að eiga sous vide sprota sem síðan er festur við ílát að eigin vali sem fyllt er með vatni. „Hægt er að nota plastbox, gastrobakka og venjulega potta. Sumir hafa hreinlega sett tappa í vaskinn og eldað í honum." Tækið er síðan stillt á þann hita sem óskað er eftir og hráefnið sett ofan í vatnið í loftþéttu plasti í ákveðinn tíma. Að eldunartíma loknum er hráefnið, hvort sem það er kjöt, fiskur, kjúklingur eða annað, snöggsteikt eða grillað til að fá á það skemmtilegri áferð.

Matthías segir ekki nauðsynlegt að eiga vakúmpökkunargræju þó það sé vissulega þægilegt. „Það er einnig hægt að notast við rennilásapoka sem eru þá festir við hliðar pottsins meðan á eldun stendur."

Hann segir þetta alls ekki flókna eldunarmennsku þó hún taki dágóðan tíma. Sjálfur gerir hann lítið af því að elda sous vide hvunndags en segist grípa til þess þegar mikið standi til. Hann segir einnig mikið magn upplýsinga liggja fyrir um þessa eldunaraðferð á netinu og mælir til að mynda með hinni íslensku Facebooksíðu Sous vide á Íslandi. „Þar eru góðar umræður um eldunartíma og hægt að fá góð ráð."

Næsta sous vide námskeið Matthíasar verður haldið í Salt eldhúsi 19. október næstkomandi. Hann gefur hér uppskrift að eftirrétti sem hann segir afar auðvelt að elda með sous vide græjunni.




Sumar sous vide græjurnar eru tengdar við app í símanum þar sem hægt er að stilla hitastig og tíma.

## Crème brûlée sous vide

fyrir 5

**11 eggjarauður**
**90 g sykur**
**Örlítið salt**
**1 vanillustöng, kornin úr henni**
**6 dl rjómi**
**4 msk. hrásykur til að brenna ofan á**



Crème brûlée er hægt að elda í lokuðum krukkum sem eru settar á kaf í vatn.

Hitið rjómann upp í 72°C í potti. Stillið sous vide vélina á 80°C. Þeytið rauðurnar, sykurinn, saltið og vanilluna vel saman með písk. Bætið rjómanum hægt og rólega út í og passið að hita eggið ekki of mikið. Þegar blandan er komin vel saman, þá er hún sigtuð og leyft að standa í nokkrar mínútur til að ná flestum loftbólunum upp á yfirborðið, þið getið líka slegið í skálina til að ná bólunum úr. Þá er blöndunni hellt í krukkurnar og þeim lokað, því næst sett í vatnsbaðið sem er stillt á 80°C. Sett í vatnsbaðið í 1 klst. Því næst veitt upp úr og kælt vel í klakabaði. Krukkan opnuð og hrásykur er settur yfir og brenndur með brennara.
Gaman að bera fram með t.d. jarðarberjum og fáfnisgrasi í smá sykursírópi.

LEIÐSÖGUNÁM
VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU
Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu
**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.
Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.
**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.

Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum
Ferðamálaskóli Íslands
**Opið 8-22**
Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Viltu stofna fyrirtæki?
**Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, útgáfu reikninga, ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, fjármál o.fl.**

**Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt þriðjudagana 12., 19. og 26. september kl. 16:10 – 19.**
Námskeiðsstaður er Háskóli Íslands – Askja, stofa N-128, Sturlugötu, Reykjavík.
Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is
Fyrirlesari: Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M
**Nánari upplýsingar og skráning í síma 894-6090 eða á alb@lexista.is**
**Námskeiðsgjald er 45.000 kr. og greiðist við skráningu.**
Lexista
**VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu um 50%.**

FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR..
TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PAR
KET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR..
FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEP

# ÚTSALA



Verðdæmi:
Harðparket eikarplanki12mm kr. 1.990 - $m^2$
Tarkett viðarparket eik 3 stafa kr. 3.590 - $m^2$
Teppi og dúkar 25-70% afsláttur
WC innb. kassi/skál/seta kr. 35.900

**Þúsundir fermetra af flísum**

**með 20 -70% afslætti**

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET..
DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR..
FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI..
PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR..

# Grænmetisrækt á pallinum

Helena Helgadóttir ákvað að prófa að rækta gulrætur og kartöflur í litlum, heimasmíðuðum kössum á pallinum hjá sér. Uppskeran í haust var meiri en hún þorði að vona.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Mig langaði að fara nýjar leiðir í ræktun og þetta var aðeins til gamans gert. Ég setti gulrótarfræ niður í kassa vikuna fyrir sumardaginn fyrsta og setti strax út á pall. Núna í byrjun september fékk ég síðan væna uppskeru af gulrótum, eða um 1,7 kíló,“ segir Helena Helgadóttir, sem er búsett í Þorlákshöfn. „Ég var með fræ af þessum gömlu, góðu gulrótum sem allir þekkja en setti líka niður fræ af hvítum, gulum og fjólubláum gulrótum. Þær eru allar svipaðar á bragðið. Ég hafði lesið að þær væru erfiðari í ræktun og hægvaxta en þær urðu allar stærri en þessar appelsínugulu.“

Helena ræktaði líka kartöflur í öðrum kassa og uppskeran af þeim var ekki síðri. „Ég fékk kartöfluútsæði sent frá mínum heimaslóðum á Djúpavogi. Mér leið eins og ég hefði fengið gull, ég var svo ánægð. Þessi tegund heitir blálandsdrottning og er mjög góð.“

## Engir ESB-staðlar

Helena fékk eiginmanninn, Óskar Ragnarsson, í lið með sér við ræktunina og hann smíðaði kassa úr lerki eftir máli. „Við settum jarðvegsdúk innan í kassann, boruðum göt á botninn og settum síðan blöndu af mold og moltu í hann. Þegar þetta var tilbúið setti ég gulrótarfræin niður. Ég sáldraði þeim ekki í moldina heldur setti niður eitt og eitt í einu, nokkuð þétt. Þetta var ekki gert eftir neinum ESB-stöðlum,“ segir Helena hlæjandi. „Ég vissi ekki hvort ég myndi nenna að grisja þetta en þess gerðist heldur ekki þörf,“ bætir hún við.



Helena ætlar að prófa sig áfram með grænmetisræktun í vor.



Helena fékk veglega uppskeru úr kössunum tveimur.






Kassinn er úr lerki og er 40 cm á breidd, 60 cm á lengd og 40 cm á hæð.

## Dúkurinn fauk

Í fyrstu setti Helena dúk yfir kassann en hann fauk af eftir nokkra daga. Ef næturfrost var í spákortunum setti hún flísteppi yfir fræin en annars var ekki mikið haft fyrir ræktuninni. „Ég held að rakinn hafði haldist vel í moldinni því grösin voru þétt og fín. Ég vökvaði kannski tvisvar í viku eða oftar ef þurrt var í veðri. Ég nennti ekki að dekstra þetta mikið,“ upplýsir hún.

Helena segist hafa prófað margar leiðir í ræktun í gegnum tíðina, svo sem forræktun, en með misjöfnum árangri. „Mér finnst heldur mikil fyrirhöfn að forrækta grænmeti og þurfa að venja plönturnar smám saman við að vera úti í svölu veðri þannig að það hentar mér vel að setja bara niður fræ,“ segir hún kankvíslega.

## Viðtal kveikti áhugann

Kveikjan að því að Helena ákvað að rækta grænmeti með þessum hætti var viðtal sem hún las á netinu. „Þar sagði eldri kona frá því að hún setti alltaf niður gulrótarfræ seint í apríl og skyldi því ef veður væri vont. Mér fannst þetta virka svo einfalt og þægilegt að mig langað að prófa þessa aðferð,“ segir hún.

Helena er harðákveðin í að halda áfram að rækta grænmeti á pallinum og ætlar að prófa sig áfram með aðrar tegundir næsta vor. „Ég ætla líka að rækta rófur. Það skemmtilegasta við að rækta grænmeti í svona litlum kössum úti á palli er að fá góða uppskeru og sjá að það er hægt.“

# Fasteignir.is

Vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ

37. TBL. MÁNUDAGUR 11. SEPTEMBER 2017



heimili fasteignasala – á traustum grunni


Bogi Pétursson lögg.fasteignasali


Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali


Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali


Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali


Brynjólfur Snorrason lögg. fasteignasali


Gunnlaugur A. Björnsson lögg. fasteignasali


Ásdís Írena Sigurðardóttir


Hafdís Una Guðnýjardóttir lögfræðingur

Félag Fasteignasala

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500



*Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð*


**Ingólfur Geir Gissurarson**
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
**896 5222**


**Heiðar Friðjónsson**
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
**693 3356**


**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur
og löggiltur fasteignasali
**694 6166**


**Úlfar F. Jóhannsson**
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.


**Margrét Sigurgeirsdóttir**
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
**588 4477**


**Pétur SteinarJóhannsson**
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
**893 4718**


**Anna F. Gunnarsdóttir.**
Lita og innanhús Stílisti.
Löggiltur fasteignasali
**892 8778**


**Sturla Pétursson**
Löggiltur fasteignasali
**899 9083**

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 - 2016

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðan 1995

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is


# Glæsileg eign í Garðabæ

Fasteignamarkaðurinn ehf. kynnir virkilega fallegt átta herbergja einbýlishús á frábærum útsýnisstað við Miðskóga í Garðabæ (Álftanesi). Um er að ræða 282,1 fermetra einbýli sem er hæð og kjallari að meðtöldum innbyggðum 37 fermetra bílskúr. Að auki er u.þ.b. 70 fermetra garðskáli sem er ekki skráður inn í fermetratölu eignar.

Forstofan er með marmara á gólfi og klæðaskápum. Inngengt er í þvottaherbergi frá forstofu. Í aðalstofu er parket á gólfi og fallegur arinn. Góð lofthæð er í húsinu og miklir gluggar til suðurs með glæsilegu útsýni. Í borðstofunni er parket á gólfi og stórir gluggar til norðurs.

Eldhúsið er bjart með korki á gólfi, máluða viðareldhúsinnréttingu með eik á borðum, tengi fyrir uppþvottavél, keramik helluborð, stál bakaraofn, flísar á milli skápa og góðan borðkrók. Inngengt í þvottaherbergi og búr frá eldhúsi.

Svefnherbergisgangur er parketlagður og svefnherbergin þrjú eru öll rúmgóð og parketlögð. Baðherbergið hefur verið endurnýjað. Flísalagt í gólf og veggi, hiti er í gólfi og innfelld lýsing. Baðkarið er með nudd- og sturtutækjum, upphengt salerni, handklæðaofn, falleg innrétting við vask og gluggi til norðurs.

Í kjallara er eitt mjög stórt svefnherbergi með parketi á gólfi, gott rými sem hægt er að nota sem stofu eða sjónvarpsherbergi, baðherbergi og rúmgott þvottaherbergi. Þar eru einnig tvær rúmgóðar geymslur með máluðu gólfi.



Útsýnið úr bakgarðinum er stórkostlegt.

Garðurinn er afar fallegur vel ræktaður. Harðviðarverönd á baklóð til suðurs með glæsilegu útsýni út á Skógtjörn, Keili og víðar. Garðskálinn er afar glæsilegur með um 5 metra lofthæð.

Arkitekt hússins er Gunnar Hansson.

Allar nánari upplýsingar veitir Heimir Fannar Hallgrímsson, hdl. og lögg. fasteignasali, í síma 849 0672 og í tölvupósti: heimir@fastmark.is.


Fasteignasala Mosfellsbæjar


Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Bústaðavegur 53 - 108 Reykjavík**




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 16:30 til 17:00**

62,4 m2, 2ja herbergja íbúð með sérinngangi á jarðhæð. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, stofu, eldhús baðherbergi, forstofu og geymslu. Nýlega er búið er að endurnýja dren og skólplagnir frá íbúð. Nýlega var þakkantur lagaður og húsið sprunguviðgert. Góð staðsetning. Stutt í alla þjónustu. **V. 33,9 m.**

**Bugðutangi 3 - 270 Mosfellsbær**




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00**

Fallegt 241,2 m2 einbýlishús með stórum bílskúr. Eignin er skráð 241,2 m2, þar af íbúðarými á tveimur hæðum 178 m2 og bílskúr 63,2 m2. Stórt hellulagt bílaplan og hellulagðar verandir með skjólveggjum. Á aðalhæðinni þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, forstofa, eldhús, stofa, borðstofa og sjónvarpsstofa. Á neðri hæðinni er rúmgott herbergi, sjónvarpshol, vinnurými og anddyri. **V. 84,7 m.**

**Fálkagata 15 - 107 Reykjavík**




**Opið hús miðvikudaginn 13. september frá kl. 17:00 til 17:30**

3JA HERBERGJA ÍBÚÐ ÁSAMT AUKA ÍBÚÐARHERBERGI OG BAÐHERBERGI Á JARÐHÆÐ Eignin er skráð 83,4 m2, þar af íbúð 64,9 m2, íbúðarherbergi 14,1 m2 og baðherbergi 4,4 m2. Íbúðin skiptist í tvö herbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Herbergi og baðherbergi á hæðinni. **V. 44,9 m.**

**Álfkonuhvarf 45 - 203 Kóp.**




90,5 fm 3ja herbergja íbúð með sér verönd á 1.hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu við Álfkonuhvarf 45 í Kópavogi. **V. 38,7 m.**

**Baugakór 15-17 - 203 Kóp.**




121,8 m2, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð ásamt 27,3 m2 bílskúr í 3ja hæða lyftuhúsi. Svalir með fallegu útsýni í suðurátt. **V. 54,9 m.**

**Þrastarhöfði 3 - 270 Mos.**




Falleg 96,4 m2, 3ja herbergja íbúð með glæsilegu útsýni á efstu hæð, í 3ja hæða fjölbýlishúsi. Góð staðsetning. Mjög stutt í skóla, leikskóla, sundlaug og líkamsrækt. **V. 42,7 m.**

**Tröllateigur 19 - 270 Mosfellsbær**




Falleg og rúmgóð 122,8 m2, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með sérinngangi í fjórbýlishúsi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, geymslu, baðherbergi, þvottahús, hol, eldhús. Köld útigeymsla á lóð. Gott skipulag. Mikil lofthæð.

Góð staðsetning nálægt miðbæ Mosfellsbæjar. Stutt í alla þjónustu.

**V. 49,5 m.**

**Klapparhlíð 1 - 270 Mosfellsbær**




**Íbúð fyrir 50 ára og eldri**

Rúmgóð 90,9 m2, 2ja herbergja íbúð með miklu útsýni á 3. hæð í 4ra hæða lyftuhúsi.

Þetta er falleg íbúð á frábærum stað í Mosfellsbæ, rétt við sundlaug, líkamsræktarstöð og golfvöll.

**V. 42,9 m.**

**Kvíslartunga 90 og 94 - 270 Mosfellsbær**




230 m2 raðhús - tilbúin til innréttinga - á tveimur hæðum, í byggingu.

Á jarðhæð er forstofa, bílskúr, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi, og geymsla.

Á efri hæðinni er hjónaherbergi, baðherbergi, eldhús, stofa og svalir.

**V. 64,9 m.**

**Krókabyggð 7 - 270 Mosfellsbær**




Glæsilegt 325 m2 einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð á neðri hæð á 2.000 m2 eignarlóð.

Lóðin er skógi vaxin og er mjög falleg aðkoma að húsinu að sunnaverðu. Húsið stendur innarlega á lóðinni og stór heimkeyrsla að húsinu.

Þetta er draumhús fyrir stóra fjölskyldu með möguleika á útleiguíbúð á neðri hæð.

**V. 98,5 m.**

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

# 535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali


AÐALHEIÐUR KARLSDÓTTIR
B.Ed.
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2495


STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari


BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON
Lögfræðingur
GSM 660 4777


HRAFNTINNA VIKTORÍA KARLSDÓTTIR
Lögfræðingur B.A.,
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 4242


EDWIN ÁRNASON
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2121


ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149


JÓHANNA ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166


MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966


ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663-2508


EINAR S. VALDIMARSSON
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 840-0314

## VALLAKÓR 6A OG 6B - Sölumenn verða á staðnum í hádeginu alla virka daga — FRÁ 36.9M




Nýjar fullbúnar íbúðir í glæsilegu lyftuhúsi, tveggja, þriggja og fjögra herbergja með bílastæði í kjallara. Vandað hús með álklæðningu að utan, stórar svalir í öllum íbúðum nema sérafnotareitur á jarðhæð. Afhendast fullbúnar fullbúnar um næstu áramót með flísum og parketi á gólfum og öllu tækjum.

## HÁALEITISBRAUT - MIÐBÆR / ATVINNUPLÁSS — TIL LEIGU




Til leigu ca. 140 fm atvinnuhúsnæði á 2.hæð í þessu áberandi og vel staðsetta húsi. Gæti hentað undir skrifstofurekstur, heilsutengda þjónustu og þess háttar. Frábær staðsetning, næg bílastæði og mikið auglýsingargildi.

## VALLAKÓR 6B, ÍBÚÐ 02-0602 — 64.9M




Ný fjögurra herbergja 127,7 fm útsýnisíbúð á 6. hæð merkt 02-0602, afhendist fullbúin með gólfefnum, eldhústækjum og öllum fataskápum. Fataherbergi með rúmgóðum innréttingum innaf hjónaherbergi.

## ÁRSALIR 3, 201 KÓPAVOGUR — 41.9M




OPIÐ HÚS mánudaginn 11. sept. kl. 17:00-17:30. 92,7 fm. íbúð við Ársali 3, Kópavogi. Íbúðin er á jarðhæð og skiptist í anddyri, stofu, eldhús, 2 svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Sér geymsla í sameign.

## HÁALEITISBRAUT 17, 108 REYKJAVÍK — 51.5M




OPIÐ HÚS mánudaginn 11. sept. kl. 18:00-18:30. Snyrtileg 5 herbergja, 149,6 fm. endaíbúð. Íbúð skiptist í forstofu og hol, stofu, eldhús, baðherbergi og 4 svefnherbergi. Bílskúr fylgir eign.

## HOFSVALLAGATA 61, 107 REYKJAVÍK — 40.5M




OPIÐ HÚS þriðjudaginn 12. sept. kl. 17:00-17:30. Snyrtileg 2 herbergja, 84,6 fm. íbúð á jarðhæð. Íbúð skiptist í forstofu og hol, 1 svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi.

## VESTURGATA 7, 101 REYKJAVÍK — TILBOÐ




Snyrtileg 65,6 fm. íbúð við Vesturgötu 7, Reykjavík fyrir 67 ára og eldri. Íbúðin er með inngang af sameiginlegum svölum, skiptist í anddyri, stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi.

## SAFAMÝRI 34, 108 REYKJAVÍK — 44.7M




OPIÐ HÚS mánudaginn 11. september. kl. 17:30-18:00. Falleg og vel hönnuð 4ra herb. 138,9 fm. enda íbúð á 2.hæð, með bílskúr og sérgeymslu í kjallara, í 4ra hæða fjölbýlishúsi

## MARTEINSLAUG 10, 113 REYKJAVÍK — 35,9M




Rúmgóð og falleg 72,9 fm. tveggja herbergja íbúð á 3. hæð í snyrtilegu lyftuhúsi. Þvottahús innan íbúðar. Sérgeymsla í sameign. Skóli og leikskóli í nágrenninu. Barnvænt umhverfi. Stutt í fallegar gönguleiðir.

## BERGÞÓRUGATA 15A, 101 REYKJAVÍK — 27.5M




OPIÐ HÚS þriðjudaginn 12. september. kl. 17:30-18:00. Tveggja herbergja 43 fm íbúð við Bergþórugötu. Skemmtileg miðbæjaríbúð á góðu verði. Íbúðin hefur verið töluvert endurnýjuð.

## REKAGRANDI 6, 107 REYKJAVÍK — 53.5M




OPIÐ HÚS mánudaginn 11. september. kl. 17:30-18:00. Glæsileg fjögurra herbergja 100 fm íbúð sem nýlega hefur verið mikið endurnýjuð. Íbúðinni fylgir geymsla í sameign og stæði í bílastæðahúsi.

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

**Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.**

**500 - 600 fm húsnæði á götuhæð óskast til kaups eða leiguundir atvinnurekstur í 101, á Granda eða við Sundahöfn.**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

**Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is**
**Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali**
**Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali**


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Asparholt 3 – Garðabæ (Álftanesi). 2ja herbergja íbúð með suðursvölum.




**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 - 17.45**
Falleg og vel skipulögð 76,2 fm. íbúð með suðursvölum við Asparholt í Garðabæ (Álftanesi). Sér inngangur er í íbúðina af opnum stigagangi með glerþili. Íbúðin er ný máluð og með nýju harðparketi á gólfum. Stofa með gluggum til suðurs. Svefnherbergi með glugga til norðurs. Húsið er steinað og með álklæðningu að hluta. Frábær staðsetning í næsta nágrenni við sundlaugina, Álftanesskóla, íþróttasvæðið og leikskóla.

Sérmerkt bílastæði á lóð.

**Verð 34,5 millj.**

### Ljósvallagata 26. Raðhús í göngufæri við miðborgina.




**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**
Fallegt 121,4 fm. 4ra herbergja raðhús á tveimur hæðum að meðt. tveimur geymslum á þessum eftirsótta stað í Reykjavík. Borð – og setustofa með nýlegu harðparketi. Eldhús með snyrtilegri eldri innréttingu. Tvö herbergi. Miðborgin er í göngufæri. Falleg sér lóð fylgir eigninni með fallegum gróðri og viðarverönd. Möguleiki væri að fá að bæta við hæð og risi ofan á húsið eins og er í nærliggjandi húsum.

Eignin getur verið laus til afhendingar við kaupsamning.

**Verð 68,9 millj.**

### Hringbraut 71. 4ra herbergja íbúð með sérinngangi.




**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**
114,1 fm. íbúð með sérinngangi á 1. hæð við Hringbraut. Góðar suðvestursvalir. Íbúðin sjálf er 74,5 fm. Tvö góð herbergi með gluggum 11,6 fm. og 10,9 fm. eru í séreign í kjallara. Auk þess eru 6 geymslur í séreign í kjallara. Hæðin skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, þrjú herbergi og baðherbergi. Eign sem þarfnast viðhalds og er mælt með því að áhugasamir skoði eignina vel.

**Verð 42,9 millj.**

### Grænahlíð 3. 5 herbergja sérhæð.




**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**
Vel skipulögð 111,1 fm. miðhæð með sérinngangi í þríbýlishúsi í Hlíðunum. Húsið lítur vel út að utan, fallega steinað og afar sjarmerandi. Tvær rúmgóðar samliggjandi stofur með stórum gluggum til suðurs. Þrjú svefnherbergi. Svalir til suðurs. Garðurinn hefur fengið gott viðhald nýlega þar sem m.a. hefur verið fækkað stórum trjám og lóðin endurtyrfð.

Um er að ræða afar fallega eign á frábærum stað.

**Verð 56,9 millj.**

### Bergþórugata 16A. 3ja herbergja íbúð, efsta hæð.




**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45**
Falleg 79,6 fm. íbúð á efstu hæð að meðt. sér geymslu við Bergþórugötu. Stigi er úr holi upp í risloft sem nær yfir alla íbúðina. Gluggi í risi til norðurs. Íbúðin skiptst í hol þaðan sem gengið er í öll rými íbúðarinnar. Eldhús og stofa með gluggum til suðurs. Tvö svefnherbergi og baðherbergi. Þak hússins var yfirfarið árið 2010. Búið að leggja ljósleiðara í íbúð. Sameign er með stórum gluggum til norðurs.

Um er að ræða góða íbúð á þessum vinsæla stað í miðborg Reykjavíkur.

**Verð 37,9 millj.**

### Naustabryggja 16. Mjög fín 4ra herbergja íbúð í Bryggjuhverfinu.




**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15-17.45**
Falleg og vel skipulögð 101,0 fm. íbúð að meðtaldri 6,8 fm. sérgeymslu á 2. hæð í álklæddu húsi við Naustabryggju í Bryggjuhverfinu, auk sér bílastæðis í bílageymslu með aðgengi að þvottastæði. Stofa/borðstofa með útgengi á flísalagðar svalir til vesturs. Útsýnis nýtur af svölum. Þrjú góð herbergi, öll með skápum. Eldhús með fallegri innréttingu. Stigahús er allt nýendurnýjað.

**Verð 44,9 millj.**

### Flókagata 25. 2ja herbergja íbúð með sérinngangi.




**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**
Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 84,5 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi í góðu steinhúsi á þessum vinsæla og eftirsótta stað á Flókagötunni á móti Kjarvalsstöðum og Klambratúni. Rúmgóð og björt stofa með útbyggðum glugga. Rúmgott svefnherbergi og er möguleiki að stúka litið aukaherbergi af. Opið eldhús við stofu með nýlegum innréttingum. Gróin falleg lóð með miklum trjágróðri.

**Verð 42,9 millj.**

### Mánatún 2. Stórglæsileg penthouseíbbúð með 200 fm. þakgarði




**Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15-17.45**
215,8 fm. penthouseíbúð í Mánatúni 2 auk 2ja sér bílastæða í bílageymslu og 203,4 fm. þakgarðs með gríðarlega fallegu útsýni og tengi fyrir heitum potti. Mjög stórar og bjartar stofur og tvö baðherbergi eru í íbúðinni. Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Allar innréttingar eru úr tekki, sérsmíðaðar af Trésmiðjunni Borg og parket er allt gegnheilt og niðurlímt. Bose-hljóðkerfi er í íbúðinni og fylgir það með.
**Eignin er laus til afhendingar nú þegar.Þetta er eina íbúðin á hæðinni og gengur lyfta beint inn í íbúðina.**

**Verð 109,0 millj.**

### Rauðagerði 6. Falleg 3ja herbergja íbúð á frábærum stað.




**Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 18.15 – 18.45**
Virkilega falleg 81,2 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi í þríbýlishúsi við Rauðagerði. Garðurinn er einstaklega glæsilegur og stór, eða 1.489 fm. með góðum veröndum, viðar og hellulögðum, sem snúa til suðvesturs þar sem sólin helst frá degi fram á kvöld. Rúmgóð stofa með stórum gluggum til suðvesturs. Sér geymsla og þvottahús.
**Einstaklega skemmtileg íbúð á frábærum stað miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þar sem stutt er í alla verslun og þjónustu.**

**Verð 39,5 millj.**

### Skógarnes – Borgarbyggð. Lögbýli – Jörð.



Jörðin Skógarnes, Stafholtstungum, Borgarbyggð sem er 76,8 ha. að stærð er til sölu. Jörðin sem er lögbýli er í um 100 km. fjarlægð frá Reykjavík og er aðkoma frá sameiginlegum vegi sem liggur í gegnum land Efra- Ness og Skógarness og niður að Neðra Nesi. Á jörðinni standa nýlegt íbúðarhús, gestahús og geymsluskúr. Veiðiréttur í Þverá fylgir eigninni. Skv. deiliskipulagi um jörðina má reisa þrjár byggingar á jörðinni auk framangreindra bygginga og má hámarksstærð hverrar þeirra vera 250,0 fm. 25,0 ha. jarðarinnar eru ræktuð tún, en annars er hún vaxin lágvöxnum gróðri og lyngi.

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



**Sverrir Kristinsson** *Lögg. fasteignasali*

**Guðmundur Sigurjónsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*

**Kjartan Hallgeirsson** *Lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri*

**Þórarinn M. Friðgeirsson** *Lögg. fasteignasali, sölustjóri*

**Magnea S. Sverrisdóttir** *MBA, lögg. fasteignasali*

**Hilmar Þór Hafsteinsson** *Lögg. fasteignasali, lögg. leigumiðlari*

**Guðlaugur I. Guðlaugsson** *Lögg. fasteignasali*

**Brynjar Þ. Sumarliðason** *BSc í viðskiptafr., lögg. fasteignasali*

**G. Andri Guðlaugsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*

**Gunnar Jóhann Gunnarsson** *Hdl., lögg. fasteignasali*

**Daði Hafþórsson** *Aðstoðarm. fast.s.*

**Jóhanna Valdimarsdóttir** *Gjaldkeri*

**Elín Þorleifsdóttir** *Ritari*

**Ásdís H. Júlíusdóttir** *Ritari*

**Anna M. Sigurðardóttir** *Ritari*

## LAUGARÁSVEGUR 54, 104 REYKJAVÍK








Rúmgott 257 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr á frábærum stað á Laugarásvegi. Húsið er á tveimur hæðum og með kjallara þar sem eru sauna og baðherbergi. Húsið er vel skipulagt með 9 herbergjum og fallegu útsýni til suðurs frá efri hæð. Möguleiki á auka íbúð með sérinngangi á neðri hæð. Fallegur og gróinn garður til suðurs.

**Opið hús mánudaginn 11. sept. milli 17:15 og 17:45.**

**V. 97,9 m.**

## FREYJUGATA 32, 101 REYKJAVÍK






Glæsileg mikið endurnýjuð þakhæð í 4-býlishúsi á mjög góðum stað við Freyjugötu í miðbæ Reykjavíkur, gegnt styttugarði Listasafns Einars Jónssonar. Húsið er eitt af þessum fallegu og virðulegu húsum í Þingholtunum og stendur neðan götu. Ein íbúð er á hverri hæð. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi og tvö herbergi. Svalir útaf stofu. Stór sameiginlegur garður til suðurs. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni. Frábær staðsetning í miðbæ Reykjavíkur. **Opið hús mánudaginn 11. sept. milli 17:30 og 18:00. V. 65,9 m.**

## GRENIMELUR 49
### 107 REYKJAVÍK




82.7 fm 3 herb. íbúð á jarðhæð í að sjá mjög góðu einstaklega vel staðsettu þríbýli. Sér inngangur. Sérhiti og sérrafmagn. Rúmgóð stofa, tvö svefnherbergi. Gengið út á hellulagða verönd. Laus fljótlega.

**Opið hús mánudaginn 11. sept. milli 17:15 og 18:45.**

**V. 41,5 m.**

## REYNIMELUR 80
### 107 REYKJAVÍK




4ra herbergja 85.9 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi við Reynimel í Vesturbænum. Stofa og þrjú herbergi. Suðursvalir útaf stofu. Frábær staðsetning. Örstutt í leikskóla, skóla, sundlaug, íþróttahús, verslanir og fl.

**Opið hús þriðjudaginn 12. sept. milli 17:15 og 17:45.**

**V. 42,5 m.**

## HÓLMVAÐ 2-4, 110 REYKJAVÍK






Glæsileg endaíbúð á efstu hæð (penthouse) með 21 fm svölum og bílskúr við Hólmavað í Norðlingaholti. Vönduð íbúð með sér inngangi af svölum. Íbúðin er 4ra herbergja og með stórum stofum. Vandaðar innréttingar og tæki. Aukin lofthæð og innfelld lýsing. Íbúðin getur verið laus fljótlega. **Opið hús miðvikudaginn 13. sept. milli 17:00 og 17:30.**

**V. 65 m.**

## HAMRAHLÍÐ 7
### 105 REYKJAVÍK




Falleg, björt og mjög vel skipulögð 107 fm efri sérhæð í Sigvaldahúsi. Eignin skiptist í tvær stofur og tvö rúmgóð herbergi, hol, eldhús og baðherbergi ásamt geymslu í risi yfir hæðinni. Stórar suðursvalir með tvöfaldri hurð úr stofu og hurð úr hjónaherbergi. Bílastæði á lóð.

**Opið hús mánudaginn 11. sept. milli 17:15 og 17:45.**
**V. 54 m.**

## RAUÐALÆKUR 71
### 105 REYKJAVÍK




Mjög falleg 88.6 fm 3ja herb. íbúð á neðstu hæð í litlu fjölbýlishúsi. Sér inngangur. Nýuppgert baðherbergi og eldhús. Gólfefni hafa verið endurnýjuð. Björt og rúmgóð stofa. Mjög góð eign á góðum stað þar sem stutt er í alla helstu þjónustu.

**Opið hús þriðjudaginn 12. sept. milli 17:00 og 17:30.**
**V. 42,9 m.**

## VESTURBERG 94
### 111 REYKJAVÍK



4ra herb. 105.5 fm íbúð á 2 . hæð í mjög vel staðsettu fjölbýlishúsi rétt við grunn-, leik- og framhaldsskóla ásamt því að mjög gott íþróttasvæði er í "bakgarði" hússins ásamt sundlaug og íþróttamannvirkjum. Íbúðin er rúmgóð og vel skipulögð. Endurnýjað baðherbergi. Tengi fyrir þvottavél. Flísar á alrýmum. Gott útsýni.

**V. 36,8 m.**

## HJARÐARHAGI 21
### 107 REYKJAVÍK



Mjög falleg og björt 125 fm 4-5 herbergja hæð í Vesturbænum. Íbúðin er á efstu hæð (þakhæð). Íbúðin er skráð 111,3 fm en auk þess er herbergi í kjallara skráð 13,4 fm. Íbúðin skiptist m.a. í tvær stofur, eldhús, þrjú herbergi, baðherbergi, þvottahús og hol. Mikil lofthæð er í hluta íbúðarinnar. Í kjallara er herbergi og sameiginlegt þvottahús og snyrting. Risloft er yfir hluta íbúðar. Fallegt útsýni. Íbúðin getur verið laus fljótlega. **V. 67,9 m.**

## ÁLFHEIMAR 58
### 104 REYKJAVÍK




Falleg 107,3 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Álfheima í Reykjavík. Rúmgóð stofa og þrjú herbergi. Suður svalir með útsýni yfir fallegan og upplýstan garð með leiktækjum. Íbúðin er laus við kaupsamning.

**Opið hús þriðjudaginn 12. sept. milli 17:15 og 17:45.**

**V. 44,5 m.**

## EIÐISTORG 5
### 170 SELTJARNARNES




Glæsileg 153,4 fm útsýnisíbúð á 2. hæð í lyftuhúsi við Eiðistorg á Seltjarnarnesi. Íbúðin hefur verið endurnýjuð að miklu leyti m.a. eldhús, baðherbergi og gólfefni. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu, eldhús, þrjú herbergi, baðherbergi og forstofu. Auk þess fylgir stæði í bílageymslu. Tvennar svalir. Glæsilegt útsýni til sjávar. Íbúðin getur verið laus fljótlega. **Opið hús miðvikudaginn 13. ágúst milli 17:15 og 17:45. V. 64,9 m.**

## BERGSTAÐASTRÆTI 79, 101 REYKJAVÍK






Glæsilegt og mjög mikið endurnýjað 274,4 fm einbýlishús á þessum eftirsótta stað í Þingholtunum. Húsið stendur hátt upp í lóðinni og fallegt útsýni er af svölum. Bílskúr fylgir. Húsið skiptist m.a. í þrjár stofur, eldhús, tvö baðherbergi og 4-5 herbergi. Húsið hefur verið mikið endurnýjað í upprunalegum stíl á síðustu 10-12 árum m.a. hefur verið byggt við húsið. Tvennar steyptar flísalagðar svalir og stór verönd með heitum potti. **V. 195 m.**

## FJÓLUGATA 1, 101 REYKJAVÍK





Glæsilegt 473,3 fm einbýlishús við Fjólugötu í Þingholtunum. Húsið er á tveimur hæðum auk kjallara. Tvöfaldur sérstæður bílskúr með geymslu og sólstofu. Mjög fallegt útsýni er úr húsinu m.a. yfir Tjörnina. Húsið var endurnýjað/endurbyggt að nánast öllu leyti árið 2002 og var hvergi til sparað. Mikil áhersla var lögð á að halda í upprunalegt útlit hússins m.a. hvað varðar þak hússins, gluggasetningu og skipulag. Frá þessum tíma hefur verið gott viðhald á húsinu. **Nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson lg. fasteignasali, sverrir@eignamidlun.is s. 861 8514.**

## KLUKKUBERG 9, 221 HAFNARFJÖRÐUR




Glæilegt 437,6 fm einbýlishús með bílskúr við Klukkuberg 9 í Setbergslandi í Hafnarfirði. Húsið var teiknað af Hróbjarti Hróbjartssyni arkitekt fyrir Eirík Smith listmálara og Bryndísi Sigurðardóttur. Í húsinu er m.a. glæsileg 120 fm vinnustofa með mikilli lofthæð og þakgluggum. Mikil lofthæð er í húsinu. Eignin býður upp á mikla möguleika og er að mestu á einni hæð en á neðri hæð var gert ráð fyrir um 56 fm aukaíbúð með sér inngangi sem hefur ekki verið innréttuð. Bílskúrinn er tvöfaldur, skráður 60 fm. Glæsilegt útsýni er húsinu er það stendur mjög ofarlega í Setberglandi. **Nánari uppl. veitir: Magnea S. Sverrisdóttir lg. fasteignasali s. 861 8511, magnea@eignamidlun.is. V. 125 m.**

## ÞVERBREKKA 3, 200 KÓPAVOGUR




Höfum fengið í sölu 173.1 fm mjög vel staðsett einbýlishús á þremur pöllum við Þverbrekku í Kópavogi. Húsið skiptist m.a. í stofu, borðstofu, eldhús, fjögur herbergi og tvö baðherbergi. Stofa og borðstofa með aukinni lofthæð. Falleg gróin lóð. Sólpallur fyrir framan inngang. Stæði fyrir framan húsið.

**V. 67,9 m.**

## ÞINGÁS 35
### 110 REYKJAVÍK



215.3 fm einbýlishús á einni hæð með rúmgóðum bílskúr. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, stofu, borðstofu, eldhús, þvottaherbergi, baðherbergi, gestasnyrting og bílskúr. Arinn er í stofu. Falleg gróin lóð með góðum sólpalli, heitum potti og geymsluskúr. Góð eign á góðum stað. **V. 83,9 m.**

## BAKKASEL 34
### 109 REYKJAVÍK




Vorum að fá í sölu 276.2 fm raðhús á þremur hæðum með auka íbúð í kjallara og bílskúr. Húsið skiptist m.a. í þrjár stofur og fimm herbergi og þrjú baðherbergi. Björt og falleg stofa með útgengi í gróðursælan lokaðan garð með verönd. Gengið út á yfirbyggðar svalir úr hjónaherbergi. **Opið hús mánudaginn 11. sept. milli 17:00 og 17.30.**
**V. 69,9 m.**

## BREKKUSEL 24
### 109 REYKJAVÍK



**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir náði sínum besta árangri á LPGA-mótaröðinni þegar hún endaði í 4. sæti Indy Women in Tech-mótsins í Indianapolis sem kláraðist á laugardaginn.

Ólafía lék hringina þrjá á 13 höggum undir pari. Hún var einu höggi á eftir Minjee Lee í 3. sætinu og tveimur höggum á eftir Lydiu Ko. Lexi Thompson varð hlutskörpust á 19 höggum undir pari.

Ólafía lék lokahringinn á laugardaginn á fjórum höggum undir pari. Hún setti punktinn yfir i-ið með því að fá örn á lokaholunni.

„Ég reyndi að gera hlutina einfalt, völlurinn hentaði mér vel, ég var að slá vel, koma mér í færi og púttin voru að falla,“ sagði Ólafía í samtali við íþróttadeild í gær.

„Það var auðvitað frábært að sjá það detta, ég var búin að vera nálægt því að setja nokkur innáhögg niður og það datt loksins þarna,“ sagði Ólafía um örninn sem hún fékk á 18. holu.

Ólafía fékk 10,8 milljónir króna fyrir að enda í 4. sæti á mótinu í Indianapolis og meira en tvöfaldaði heildarverðlaunafé sitt í ár. Hún hefur alls fengið 18,5 milljóna króna í verðlaunafé á LPGA-mótaröðinni í ár.

Það er ekki nóg með að Ólafía hafi fengið rúmar 10 milljónir fyrir frammistöðuna í Indianapolis heldur stökk hún upp um 39 sæti á peningalista LPGA-mótaraðarinnar; úr 106. sæti í það 67.

Hundrað efstu kylfingarnir fá keppnisrétt á LPGA-mótaröðinni á næsta ári. Það þarf því ansi mikið að gerast til að Ólafía verði ekki aftur með á LPGA-mótaröðinni árið 2018.

**39** eru sætin sem Ólafía Þórunn Kristinsdóttir fór upp um á peningalista LPGA-mótaraðarinnar í golfi fyrir frammistöðu sína á Indy Women in Tech-mótinu.

Ólafía á einnig góða möguleika á að vera meðal 80 tekjuhæstu kylfinganna á LPGA-mótaröðinni í ár. Þeir komast í efsta þrep forgangslistans á mótaröðinni.

„Það er ekki bara að ná meðal hundrað efstu, ef maður er meðal efstu 80 kylfinganna færðu meira val um hvaða mótum þú tekur þátt á. Þá fæ ég þátttökurétt á öðrum mótum þar sem það er enginn niðurskurður sem er bara frábært,“ sagði Ólafía.

Hún fær ekki langan tíma til að fagna árangrinum. Um næstu helgi tekur hún þátt á Evian-mótinu, síðasta risamóti ársins á LPGA-mótaröðinni.

„Þetta veitir mér sjálfstraust fyrir mótið, ég hef spilað völlinn sem Evian-mótið er á áður svo ég kannast við hann og það hjálpar mér vonandi. Ég lék þarna í úrtökumóti á síðasta ári og það hjálpar við undirbúninginn,“ sagði Ólafía sem hefur þegar keppt á tveimur risamótum í ár. – iþs

## MARKAHÆSTUR Í ÞÝSKALANDI

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason skoraði öll þrjú mörk Augsburg í 3-0 sigri á Köln á heimavelli í þýsku úrvalsdeildinni á laugardaginn.

Alfreð varð þar með þriðji Íslendingurinn sem afrekar það að skora þrennu í efstu deild í Þýskalandi. Atli Eðvaldsson skoraði öll fimm mörk Fortuna Düsseldorf í 5-1 sigri á Frankfurt 1983 og Eyjólfur Sverrisson skoraði þrennu í 7-0 sigri Stuttgart á Borussia Dortmund 1991.

Alfreð skoraði með hægri og vinstri fæti og með skalla; svokölluð fullkomin þrenna hjá landsliðsmanninum.



Alfreð skoraði einnig í 2-2 jafntefli Augsburg og Borussia Mönchengladbach í síðustu umferð. Hann er því kominn með fjögur mörk á tímabilinu og er markahæstur í þýsku deildinni.

Augsburg er með fjögur stig eftir fyrstu þrjár umferðirnar í þýsku deildinni.

Alfreð kom til Augsburg í byrjun árs 2016. Hann hefur núna skorað 14 mörk í 30 leikjum fyrir Augsburg í þýsku deildinni. – iþs





CE - merkt framleiðsla

- Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
- Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

**Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga**

IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli




REYKJAVIK RAINCOATS - HVERFISGÖTU 82
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM - SÍMI: 571 1177

**Blekhylki.is**




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

maria nila
STOCKHOLM



**Fríða Rut Heimisdóttir**
**Hárgreiðslumeistari**

Veldu með hjartanu 100% vegan hárvörur frá Maria Nila.
Head & Hair Heal verndar lit hársins, örvar hárvöxt og vinnur á móti hárlosi, þurrum hársverði og flösu ásamt því að vera bólgueyðandi. Sjampóið og hárnæringin eru hönnuð til daglegra nota fyrir alla.

Maskan má nota 1-2 í viku.
Allar vörurnar í línunni innihalda vegan innihaldsefni, en hvorki súlföt, paraben né aðra ofnæmisvalda.




Regalofagmenn   Regalo ehf Iceland

www.regalo.is

REGISTERED WITH
LEAPING BUNNY | PETA | VEGAN SOCIETY

## Merkisatburðir

**1755** Mikill jarðskjálfti verður á Norðurlandi með skriðuföllum og sprungumyndunum. Hús falla á Húsavík og Tjörnesi og tveir bátar farast í flóðbylgju frá skjálftanum.

**1953** Fjórða ríkisstjórn Ólafs Thors tekur við völdum og situr í þrjú ár.

**1971** Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir bókmenntafræðingur fæðist.

**1973** Herinn undir forystu Augustos Pinochet herforingja rænir völdum í Chile með leynilegum stuðningi Bandaríkjanna.

**1976** Farþegaþota frá TWA, sem hafði verið rænt, hefur viðkomu á Keflavíkurflugvelli til að taka eldsneyti. Vélin stóð við í tvær klukkustundir, en fór síðan til Parísar, þar sem ræningjarnir gáfust upp.

**1976** Fjölbrautaskóli Suðurnesja er settur í fyrsta skipti.

**2001** Hryðjuverkaárás er gerð í Bandaríkjunum.



**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, rithöfundur og bókmenntafræðingur, á afmæli í dag.**



**Þann 11. september 2001 var tveimur breiðþotum flogið á Tvíburaturnana í New York. Hryðjuverkasamtökin al-Kaida lýstu ábyrgðinni á hendur sér.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Gert er ráð fyrir 25 manns á námskeiði eins og því sem hefst í dag. Þar lærir fólk meðal annars hjartahnoð.**

# Þúsundir læra skyndihjálp á vegum Rauða krossins

**Árlega fara þúsundir manna á skyndihjálparnámskeið. Hægt er að fá námskeið metin í framhaldsskóla og á meiraprófi. Mikilvægt að rifja upp þekkinguna reglulega. Dæmi um að námskeið séu gefin í jólagjöf. Rauði krossinn mælir með notkun skyndihjálparapps.**

Ætla má að sex til sjö þúsund manns sæki skyndihjálparnámskeið Rauða krossins á hverju ári, segir Guðlaug K. Jónsdóttir verkefnastjóri. Almenn vitneskja um skyndihjálp hafi aukist mikið undanfarið og námskeiðin séu haldin af deildum Rauða krossins út um allt land.

„Það verður alltaf mikil vitundarvakning þegar slys verða í nærumhverfinu. Ef það verða slys á vinnustað eða einhver nákominn fær hjartaáfall. Saumaklúbbar fá námskeið og/eða vinahópar og þá er þetta haft í heimahúsi,“ segir Guðlaug. Hún segir líka dæmi um að ömmur og afar hafi keypt námskeið fyrir fjölskyldu sína og jafnvel gefið í jólagjöf.

Einnig eru dæmi um að vinnustaðir haldi slík námskeið. Þá er námskeiðið haldið á forsendum hvers vinnustaðar, með tímasetningu sem hentar hverjum vinnustað.

> **Það verður alltaf mikil vitundarvakning þegar slys verða í nærumhverfinu. Ef það verða slys á vinnustað eða einhver nákominn fær hjartaáfall.**
>
> Guðlaug K. Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum

Rauði krossinn heldur tólf tíma námskeið einu sinni í mánuði, en síðan eru fjögurra tíma námskeið inni á milli. Í dag mun fyrsta tólf tíma námskeiðið fara af stað að loknu sumarhléi. „Tólf tíma námskeið gefa einingar í framhaldsskóla og fyrir meiraprófið,“ útskýrir Guðlaug.

Hún segir að Rauði krossinn mæli með því að fólk fari á námskeið á tveggja ára fresti. „Skírteini og viðurkenningar gilda bara í tvö ár og það er ýmislegt sem breytist og fennir yfir sem maður lærir. Inni á vefsíðunni okkar er hægt að taka létt skyndihjálparpróf til að fólk geti séð hvar það stendur. Svo mælum við líka með því að fólk hlaði í símann sinn skyndihjálparappinu. Það er hægt að opna það hvar sem er þó að þú sért ekki nettengdur,“ segir Guðlaug. Þar eru leiðbeiningar um hvað fólk á að gera við bruna og hvað á að gera vegna flogaveiki og annars slíks. „Þar geturðu líka tekið próf og annað,“ útskýrir Guðlaug.

Fólk getur skráð sig á skyndihjálparnámskeið á vef Rauða krossins en námskeiðið sem hefst í kvöld er fullt. Miðað er við að 25 manns séu á hverju námskeiði. **jonhakon@frettabladid.is**

## ÞETTA GERÐIST 2003: ANNA LINDH DEYR AF SÁRUM SÍNUM

Anna Lindh, þáverandi utanríkisráðherra Svíþjóðar, lést þennan dag árið 2003 eftir að hafa verið stungin með hnífi þar sem hún var stödd í verslunarmiðstöð daginn áður. Anna var fædd 19. júní 1957 og hefði því orðið sextug í sumar. Anna Lindh var alla tíð vinsæl stjórnmálamaður og hafði áhuga á stjórnmálum allt frá því í bernsku.

Hún tók sæti á sænska þinginu árið 1982 og sat þar til ársins 1985. Síðan tók hún aftur sæti á þinginu árið 1998 og sat þar til dauðadags árið 2003.

Hún varð utanríkisráðherra í ríkisstjórn Görans Persson árið 1998. Á alfræðivefnum Wikipedia kemur fram að hún hafi verið mikill talsmaður alþjóðasamvinnu í gegnum Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið. Anna Lindh var myrt þegar hún var að kaupa föt í Nordiska Kompaniet í miðborg Stokkhólms. Hún hefði átt að koma fram í sjónvarpskappræðum síðar um kvöldið þar sem tekist var á um hvort Svíar ættu að taka upp evruna. Hún var stungin í brjóstið, magann og handleggina.

Wikipedia segir að Anna hafi ekki notið verndar lífvarða þegar atvikið varð. Það var harðlega gagnrýnt enda höfðu þá liðið einungis 17 ár frá því að fyrrverandi forsætisráðherra Svía, Olof Palme, var skotinn til bana.

Mijailo Mijailović, sem er af serbneskum uppruna, var dæmdur í hæstarétti í Svíþjóð fyrir morðið og afplánar nú lífstíðardóm. Hann krafðist þess að fá að afplána fangelsisdóm sinn í Serbíu, en sænsk fangelsisyfirvöld höfnuðu beiðni hans þar um, eftir að hafa fengið þau svör frá Serbíu að hugsanlegt væri að fangelsisrefsing hans yrði stytt þar.

Tæpum fimm árum eftir að Anna Lindh lést var geðsjúkur maður, vopnaður hnífi og hamri, handtekinn fyrir utan heimili Monu Sahlin, formanns sænska Sósíaldemókrataflokksins, í bænum Nacka fyrir utan Stokkhólm.

Maðurinn sem var 42 ára hafði hug á að ræða við Sahlin. Það voru starfsmenn sænsku leyniþjónustunnar sem voru í staddir í nágrenni hússins sem handtóku og afvopnuðu manninn.



**Anna Lindh var vinsæll stjórnmálamaður. Hún var utanríkisráðherra í stjórn Görans Persson.** NORDICPHOTOS/AFP

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

# RÝMINGARSALA

BONUS
Smáratorgi

30%
afsláttur

# Aðeins í dag!

- Allt á að seljast -

**Rýmum fyrir stærri og endurbættri verslun**

Við stækkum og endurbætum verslun okkar við Smáratorg.
Verslunin verður lokuð á meðan framkvæmdum stendur.

RÝMINGARSALA

BONUS

EKKERT BRUÐL

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Norðvestan-strekkingur austan til í dag, en annars norðankaldi. Lægir um kvöldið. Dálítil rigning norðan- og austanlands, en bjart með köflum annars staðar. Milt veður.




## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° ←6 | 2° ←6 | 4° ↓1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° ↓3 | 8° ←5 | 4° ↑5 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° ↙5 | 4° ↙3 | 4° ↘4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° ↘7 | 11° ↗4 | 3° ↓6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. atlaga
6. frá
8. þrá
9. frjó
11. nesoddi
12. verkfæri
14. glæpafélag
16. pot
17. svelg
18. efni
20. til
21. sáðjörð

**LÓÐRÉTT**
1. sléttur
3. holskrúfa
4. áköf þrá
5. skjön
7. athafnasemi
10. iðka
13. ái
15. eyðimörk
16. munda
19. tveir eins



**LÁRÉTT: 2.** árás, **6.** af, **8.** ósk, **9.** fræ, **11.** tá, **12.** nafar, **14.** mafía, **16.** ot, **17.** iðu, **18.** tau, **20.** að, **21.** akur.
**LÓÐRÉTT: 1.** jafn, **3.** ró, **4.** ástríða, **5.** ská, **7.** framtak, **10.** æfa, **13.** afi, **15.** auðn, **16.** ota, **19.** uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Bu Xiangzhi (2.710) átti leik gegn Magnusi Carlsen (2.822) á Heimsbikarmótinu í skák.

**Svartur á leik**

**15...Bxh3! 16. gxh3 Dxh3 17. Rf1?! (17. Df3 Bxh2+ 19. Kxh1 Bg3+ hefði verið öruggura og leitt til jafnteflis). 17... He8 18. d4 f5!** Kínverjinn tefldi sóknina frábærlega og vann glæsilegan sigur. Lokin sjáum við á morgun. Carlsen er fallinn úr leik.

**www.skak.is:** Óvæntir hlutir á Heimsbikarmóti.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 6 | 1 | 2 | 9 | 5 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 3 | 6 | 4 | 2 | 9 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 3 | 1 | 9 | 7 | 4 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 1 | 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 |
| 4 | 3 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 5 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 8 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman


















Alla mánudaga í vetur verður hádegishugleiðsla í Bókasafni Reykjanesbæjar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 11. SEPTEMBER

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Konur og kvikmyndagerðarlist
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Gerðarsafni, Kópavogi
Þátttakendur fjalla um reynslu sína og innsýn í heim kvikmyndagerðarlistarinnar, möguleika og hindranir í kvikmyndagerðarlist til valdeflingar kvenna auk pallborðs- og opinna umræðna. Í kjölfarið verða sýndar stuttmyndir og dæmi úr kvikmyndum, m.a. tvær færeyskar stuttmyndir, valdar af Ingunni Olsen.

**Hvað?** Kynningarfundur / Samlestur á Dýrunum í Hálsaskógi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Frumleikhúsið, Vesturbraut 17
Starfsemi Leikfélags Keflavíkur haustið 2017 er að hefjast. Leikfélag Keflavíkur réð til sín Gunnar Helgason, til þess að leikstýra næsta verkefni félagsins. Ákveðið var að setja upp Dýrin í Hálsaskógi.

**Hvað?** Leiðin að árangri – fræðslufundur
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Parkinsonsamtökin, Hátún 10
Fræðslufundur hjá Parkinsonsamtökunum. Sigurður Sölvi Svavarsson, sjúkraþjálfari hjá Styrk, ætlar að fjalla um Parkinson Wellness Recovery – PWR! æfingakerfi en hann sótti námskeið í PWR! í Noregi í sumar.

### Námskeið

**Hvað?** Andinn sópar hugann – námskeið í Zen hugleiðslu
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Grensásvegi 8, 4. hæð
Hugleiðslunámskeiðið Andinn sópar hugann er byrjendanámskeið í Zen hugleiðslu. Námskeiðið byggir á hljóðbókinni Breath Sweeps Mind eftir Jakusho Kwong Roshi. Leiðbeinendur á námskeiðinu verða þau Ástvaldur Zenki og Gyða Myoji, sem bæði hafa hlotið prestsvígslu hjá Jakusho Kwong-roshi, kennara Zen á Íslandi – Nátthaga, auk þess sem Ástvaldur Zenki gegnir stöðu kennara í Nátthaga. Námskeiðið hefst mánudaginn 11. september og er á mánudögum í fjórar vikur. Þátttökugjald er 15.000 kr. en námskeiðið er ókeypis fyrir þá sem greiða árgjald í Nátthaga.

**Hvað?** Djúpslökun og hugleiðsla
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Andartak jóga- og heilsustöð, Hamraborg 10, 3. hæð
Átta vikna námskeið með áherslu á að endurnærast og kynnast töfraheimum hugleiðslu og kyrrð hugans. Námskeiðið hefst í dag og kennari er Guðrún Darshan. Á þessu námskeiði ætlum við að njóta þess að vera leidd inn í djúpa og endurnærandi slökun og gefum þannig líkamanum færi á að græða sig sjálfan og finna farveg fyrir orkuflæði þar sem stíflur hafa myndast. Verð er 19.500 krónur.

### Uppákomur

**Hvað?** Marvel Pub quiz
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó, Laugavegi 22
Pub quiz fyrir alla sem hafa áhuga á Marvel-myndum.

**Hvað?** Hugleiðsluhádegi
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Bókasafni Reykjanesbæjar
Alla mánudaga í vetur frá klukkan 12.15 til 12.30 verður boðið upp á Hugleiðsluhádegi í Bókasafni Reykjanesbæjar. Hugleiðsluhádegin fara fram á neðri hæð safnsins í vinnuherbergi sem nefnist Búrið. Þátttakendur þurfa ekkert að taka með sér en pullur og stólar verða á staðnum. Tímarnir verða ýmist leiddir af Rannveigu Lilju Garðarsdóttur eða Önnu Margréti Ólafsdóttur sem báðar eru menntaðir jógakennarar.

# Kvikmynd um Tom of Finland og teikningar hans til Íslands

Touko Valio Laaksonen, betur þekktur sem Tom of Finland, var finnskur listamaður þekktur fyrir samkynhneigða erótík og klámfengnar teikningar af karlmannlegum mönnum. Sýningar á verkum hans hafa þegar farið sigurför um heiminn en von er á um 25 myndum til Íslands í tilefni Íslandsfrumsýningar á kvikmyndinni Tom of Finland.


Stilla úr myndinni Tom of Finland.

Kvikmyndin Tom of Finland segir sögu Laaksonen frá því hann kom aftur til Finnlands eftir stríðið en á þeim tíma var samkynhneigð ólögleg svo hann þurfti að fara afar leynt með kynni sín af öðrum karlmönnum. Hildur Guðnadóttir samdi tónlistina í myndinni en Ingvar Þórðarson og Sophie Mahlo, sem reka framleiðslufyrirtækið Neutrinos Production í Berlín, eru meðframleiðendur myndarinnar. Þá fer Þorsteinn Bachmann með eitt hlutverkanna. Myndin verður sýnd á RIFF, sem hefst 28. september og stendur til 11. október, og sömuleiðis 25 teikningar eftir hann.

Tom of Finland hefur þegar verið sýnd víðs vegar um heiminn og meðal annars á nokkrum af stærstu kvikmyndahátíðum heims, svo sem Berlinale og í Toronto. Þá var hún nýverið valin sem framlag Finnlands til Óskarsverðlaunanna. – gha













# DAGSKRÁ

## Mánudagur





**THE DEUCE**
KL. 21.25
Það gekk heldur betur mikið á í uppgangi klámiðnaðarins í New York á áttunda áratugnum. Umtöluð og flott þáttaröð úr smiðju HBO með James Franco og Maggie Gyllenhaal í aðalhlutverkum.

**MAGNAÐ MÁNUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365



**I OWN AUSTRALIA´S BEST HOME**
KL. 19.50
Frábærir þættir fyrir alla sem kunna að meta stórfenglega byggingarlist, nútímahönnun og innanhússarkitektúr sem á engan sinn líka.

**VICE**
KL. 22.50
Vandaður og áhugaverður fréttaþáttur frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.




**MAD MAX: FURY ROAD**
KL. 22.00
Hörkuspennandi mynd sem gerist eftir að heimurinn hefur gengið í gegnum mikla eyðileggingu. Aðalhlutverk leika Charlize Theron og Tom Hardy.



**SLEEPY HOLLOW**
KL. 22.45
Æsispennandi þáttur um Ichabod Crane sem á dularfullan hátt vaknar upp frá dauðum eftir rúm 220 ár í smábænum Sleepy Hollow.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


### STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.45** The Middle
**08.10** 2 Broke Girls
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Sullivan & Son
**10.40** Drop Dead Diva
**11.20** The Last Man on Earth
**11.40** Fresh off the Boat
**12.05** Mannshvörf á Íslandi
**12.35** Nágrannar
**13.00** So You Think You Can Dance
**14.25** So You Think You Can Dance
**15.50** Exodus. Our Journey to Europe
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** The Mindy Project
**19.50** I Own Australia's Best Home
**20.40** Suits
**21.25** The Deuce
**22.50** Vice
**23.25** Ballers
**23.55** Empire
**00.40** Eyewitness Magnaðir þættir byggðir á norsku spennuþáttaröðinni Øyevitne. Tveir unglingsdrengir ákveða að hittast á laun á fáförnum stað en eiga fótum sínum fjör að launa þegar þeir verða vitni að glæp og komast sjálfir naumlega undan árásarmanninum. Þeir ákveða að hylma yfir glæpinn svo launsamband þeirra verði ekki opinbert en sú ákvörðun mun hafa ófyrirséðar afleiðingar fyrir þá sem og rannsókn málsins.
**01.20** Eyewitness
**02.00** Eyewitness
**02.45** Bones
**03.30** Murder in the First
**04.10** The Driftless Area
**05.45** The Listener

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Pepsímörkin 2017
**08.30** Pepsí deild karla-ÍA - KA
**10.10** Pepsí deild karla-Valur - Breiðablik
**11.50** Pepsímörkin 2017
**13.20** Síðustu 20
**13.40** Real Madrid - Levante
**15.20** Stjarnan - Selfoss
**16.45** Football League Show 2017/18
**17.15** Spænsku mörkin 2017/2018
**17.45** Olís deild karla-Haukar - ÍR
**19.45** Olís deild kvenna-Haukar - Valur
**21.30** Seinni bylgjan - upphitunarþáttur
**22.35** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2017/2018
**23.00** West Ham - Huddersfield
**00.40** Haukar - ÍR

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Burnley - Crystal Palace
**08.40** Swansea - Newcastle
**10.20** NFL 2017/2018
**12.50** NFL 2017/2018
**15.20** Manchester City - Liverpool
**17.00** Messan
**18.30** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2017/2018
**18.50** West Ham - Huddersfield
**21.00** Swansea - Newcastle
**22.40** Burnley - Crystal Palace
**00.20** UFC 215. Johnson vs Borg
**06.50** West Ham - Huddersfield

### STÖÐ 3

**17.25** New Girl
**17.50** Mike & Molly
**18.15** The Big Bang Theory
**18.35** Modern Family
**19.00** Curb Your Enthusiasm
**19.35** Who Do You Think You Are?
**20.20** Grimm
**21.05** The Originals
**21.50** The Sopranos
**22.45** Sleepy Hollow
**23.30** Modern Family
**23.55** Curb Your Enthusiasm
**00.30** Who Do You Think You Are?
**01.15** Grimm
**02.00** The Vampire Diaries
**02.45** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Strumparnir
**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Ævintýraferðin
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Kormákur
**08.11** Zigby
**08.25** Stóri og Litli
**08.38** Brunabílarnir
**09.00** Könnuðurinn Dóra
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur og félagar
**11.00** Strumparnir
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Ævintýraferðin
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Kormákur
**12.12** Zigby
**12.26** Stóri og Litli
**12.39** Brunabílarnir
**13.00** Könnuðurinn Dóra
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur og félagar
**15.00** Strumparnir
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Ævintýraferðin
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Tindur
**16.11** Zigby
**16.25** K3 (9 / 52)
**16.38** Mæja býfluga
**16.47** Stóri og Litli
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur og félagar
**19.00** Töfralandið OZ

Doddi litli og Eyrnastór kl. 09.47, 13.47 og 17.47



### GOLFSTÖÐIN

**08.10** Omega European Masters
**12.40** Indy Women in Tech
**15.40** Golfing World 2017
**16.30** Omega European Masters
**21.00** Indy Women in Tech

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15** Yogi Bear
**13.35** Ghostbusters
**15.30** The Cobbler
**17.05** Yogi Bear
**18.25** Ghostbusters Ævintýraleg gamanmynd frá 2016 með Kristen Wiig, Melissu McCarthy, og fleiri frábærum leikurum. Þegar draugaplága fer að gera Manhattan-búum lífið leitt kemur það í hlut rithöfundanna Erinar og Abby að bregðast við og það fyrsta sem þær gera er að fá í lið með sér neðanjarðarjárnbrautarvörðinn Patty og kjarneðlisfræðinginn Jillian. Þær eiga í höggi við hinn illa púka Rowan sem fer m.a. létt með að yfirtaka líkama fólks sem lætur ekki að hans vilja.
**20.20** The Cobbler
**22.00** Mad Max. Fury Road
**00.00** Maze Runner. The Scorch Trials
**02.10** 99 Homes
**04.00** Mad Max. Fury Road

### RÚV

**16.30** Kiljan - Bókmenntahátíð í Reykjavík
**17.05** Séra Brown
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Háværa ljónið Urri
**18.11** Veistu hvað ég elska þig mikið
**18.22** Skógargengið
**18.33** Undraveröld Gúnda
**18.46** Guli Jakkinn
**18.48** Kóðinn - Saga tölvunnar
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós og Menningin
**20.00** Out of Thin Air
**21.30** Skröltormar
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Spilaborg
**23.10** Ég er Ingrid
**01.00** Kastljós og Menningin

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Psych
**10.35** Síminn + Spotify
**13.35** Dr. Phil
**14.15** Rachel Allen's Everyday Kitchen
**14.40** Doubt
**15.25** The Great Indoors
**15.50** Crazy Ex-Girlfriend
**16.35** Everybody Loves Raymond
**17.00** King of Queens
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** Playing House
**20.15** Million Dollar Listing
**21.00** Taken
**21.45** The Good Fight
**22.30** Happyish
**23.00** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.40** The Late Late Show with James Corden
**00.20** CSI
**01.05** Hawaii Five-0
**01.50** Star
**02.35** Girlfriends' Guide to Divorce
**03.20** Baskets
**03.50** Taken
**04.35** The Good Fight
**05.20** Happyish

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

PANTAÐU FYRIR 30. SEPT. OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG EXTRA

Þú færð EXTRA búnað á nýjan DACIA ef þú pantar fyrir 30. september

DACIA

# DACIA DUSTER

## ÁREIÐANLEGUR - HAGSTÆTT VERÐ - ÖFLUGUR Í TORFÆRUM
## SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU




Verð:

**3.450.000** kr.

**Fjórhjóladrifinn, dísil, með íslensku leiðsögukerfi og 7 tommu snertiskjá.**

Eyðsla í blönduðum akstri **5,3 L/100 km***

**Hlaðinn staðalbúnaði m.a.:** Bakkskynjari, leðurstýri, hæðarstilling á stýri, loftkæling AC, útvarp-CD með 4 hátölurum, USB og MP3 tengi, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, samlitir stuðarar og hurðarhúnar, litaðar rúður, svart „Compass" tauáklæði, 1/3 - 2/3 niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, geymsluhólf í framhurðum, kortavasar á framsætum, ABS-hemlakerfi, 6 loftpúðar, hæðarstilling á sætisbeltum, forstrekkjarar á sætisbeltum, ISOFIX barnastólafestingar, ESC stöðugleikastýring, fjarstýrðar hurðarlæsingar, barnalæsingar á afturhurðum, ræsivörn, varadekk, sex aðgerða aksturstölva, þokuljós að framan, rafknúnir speglar, dagljósabúnaður, aðgerðahnappar í stýri, rafknúnar rúður, lesljós við framsæti.

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan Duster að verðmæti **200.000 kr.**

www.dacia.is

ENNEMM / SÍA / NM83910 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

**GE bílar** Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400 | **Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622 | **Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533 | **Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070 | **IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080 | **BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Minningar Hollywood stjarnanna af 9/11



Flest eigum við minningar um atburðina 11. september 2001 og það á líka við um fræga fólkið. Margar stjörnur voru staddar í New York á þessum örlagaríka degi og hafa deilt frásögn sinni með umheiminum.

**Robert De Niro**



Leikarinn var staddur í New York þegar turnarnir féllu. „Ég gekk út af fundi þegar turnarnir féllu. Svo fór ég heim og fylgdist með öllu saman út um gluggann. Ég var með kíki og myndbandsupptökuvél, þó að mig langaði ekki að taka þetta upp. Ég sá nokkra einstaklinga stökkva,“ sagði hann meðal annars í frásögn sem birtist á vefnum IMDb.com. „þetta var allt svo óraunverulegt. Ég þurfti að fá staðfestingu [á að þetta væri að gerast] með því að horfa á fréttir á sama tíma.“

**Jay-Z**

Jay-Z gaf út eina bestu plötu sína, The Blueprint, 11. september 2001. Hann er mjög meðvitaður um að útgáfudagurinn hefur mikil áhrif á bæði móttökur sem og sögu plötunnar. Jay-Z var ekki staddur í New York borg þennan dag en atburðirnir höfðu þrátt fyrir það töluverð áhrif á hann, enda New York búi og fæddur og uppalinn í Brooklyn.

„Ég flaug til L.A. Þar var ég að skjóta myndband við lagið mitt Girls, Girls, Girls. Ég gaf plötuna The Blueprint út sama dag, sjáðu til. Ég man eftir því að hafa vaknað í L.A. og ég hélt að allir væru eitthvað að grínast í mér, því ég trúði þessu engan veginn. Svo kveikti ég á sjónvarpinu og fyrir mér leit þetta út eins og eitthvað úr stórslysamynd,“ sagði Jay-Z í samtali við tónlistarvefinn HiphopDX.

**Lady Gaga**

Lady Gaga var stödd í New York borg þennan örlagaríka dag. Hún var í skólanum, en Gaga gekk í grunnskólann the Covenant of the Sacred Heart, en þar er leikvöllur á þakinu svo hún gat séð flugvélarnar skella á Tvíburaturnunum beint úr rennibrautinni. „Ég hef aldrei talað mikið um þennan atburð, en ég var í New York þann 11. september og sá turnana falla í hópi vinkvenna minna af þaki skólans míns. Borgin var bókstaflega þakin ösku,“ sagði Lady Gaga um þessa reynslu sína í viðtali við Business Insider.

**Gwyneth Paltrow**



Leikkonan upplifði sína eigin Sliding Doors stund þennan eftirminnilega dag. Hún var á leið úr jógatíma þegar Lara Lundstrom Clarke fór yfir götuna á rauðu ljósi. Paltrow stoppaði og beið eftir að Clarke færi yfir á meðan Clarke stoppaði líka og beið eftir að Paltrow færi yfir. Úr varð að enginn fór yfir götuna sem varð til þess að Clarke missti af lestinni sem hún ætlaði að taka í vinnuna. Vinnan hennar var á 77. hæð í World Trade Center og þegar hún kom upp úr lestinni var fyrri flugvélin að fljúga á turninn. Létust fjórir vinnufélagar hennar. Clarke skrifaði Paltrow um lífsreynslu sína og hefur sagt í viðtölum að þessi störukeppni við leikkonuna hafi breytt lífi sínu. Paltrow sagði svo frá þessari upplifun á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum þar sem hún kynnti myndina Contagion. „Ég fæ enn gæsahúð við að hugsa um þetta,“ sagði stjarnan.

**Paul McCartney**



Tónlistarmaðurinn var í flugvél á JFK flugvellinum þegar hann fékk fréttirnar. „Ég var á leiðinni til Englands. Við vorum að undirbúa okkur fyrir flugtak þegar flugmaðurinn tilkynnti okkur að við gætum ekki farið af stað,“ sagði hann í viðtali við The Wrap. „Út um gluggann á hægri hönd gátum við séð Tvíburaturnana.“ Það endaði með því að McCartney fór á hótel rétt fyrir utan New York og þar horfði hann á fréttirnar. Þessi lífsreynsla hafði mikil áhrif á McCartney og tók hann sig því til og stóð að fjáröflunartónleikum í október sama ár til styrktar aðstandendum þeirra sem létust í árásinni. Á tónleikunum söfnuðust 1,3 milljarðar króna.

**Mark Wahlberg**

Leikarinn Mark Wahlberg átti pantað far með nokkrum vinum sínum með vél American Airlines sem fór á norðurturninn og Mohamed Atta flaug. Flugvélin fór af stað frá Logan flugvellinum í Boston og var stefnan sett á Los Angeles. Þeir félagar hættu við flugið og fóru þess í stað til Kanada og þaðan til Los Angeles.

Wahlberg hefur oft talað um þessa reynslu sína og þurfti að biðjast afsökunar eitt sinn eftir að hann sagði að flugvélin hefði aldrei farið á turninn ef hann hefði verið um borð. „Ef ég hefði verið um borð hefði vélin verið öll í blóði áður en ég hefði sagt, ókei, við ætlum að lenda flugvélinni á öruggum stað. Hafið engar áhyggjur,“ sagði kappinn í viðtali við Men's Journal.

Hann viðurkenndi síðar að orðin hefðu verið fáránleg og óábyrg. „Ég bið fjölskyldur þeirra sem fórust með vélinni innilegra afsökunar. Þessi orð mín voru heimskuleg,“ sagði Wahlberg.

Þess má geta að hann og grínistinn Seth MacFarlane unnu síðar saman að myndinni Ted en MacFarlane átti bókað far með sömu vél en missti af henni því hann hafði fengið sér í glas daginn áður. Hann svaf því yfir sig og mætti 10 mínútum eftir að hliðinu var lokað.

NÝTT BLAÐ
HÓLF OG GÓLF BREIDD

Vinnur þú 100.000 kr. inneign hjá Hólf & Gólf?

Taktu mynd af rými sem þarfnast yfirhalningar, hvort sem það er baðherbergi, stofa, eldhús eða annað. Settu myndina á Instagram og merktu: #bykotrend
Föstudaginn 22. september verður heppinn vinningshafi dreginn úr pottinum.

#bykotrend



Snapchat: svartahvitu

Svana Lovísa Kristjánsdóttir hjá Svart á hvítu verður gestadómari og verður hægt að fylgjast með leiknum á www.trendnet.is /svartahvitu/ á facebook síðu BYKO og Instagram.

HÓLF & GÓLF
BYKO BREIDDINNI


EINN VINSÆLASTI JEPPLINGURINN Á ÍSLANDI
KIA SPORTAGE
EX 4WD
NÝIR - SJÁLFSKIPTIR - DÍSEL
SPORTAGE
Mjög vel útbúnir bílar
19" álfelgur
Opnanlegt glerþak með rafdrifinni gardínu
Íslenskt leiðsögukerfi
7" snertiskjár
Bakkmyndavél
Bluetooth
Margt fleira...
VERÐ KR.
5.380
ÞÚSUND
Skoðum með uppítöku
á öllum tegundum bifreiða
Komið og reynsluakið
Bílar í ábyrgð - Allt að 90% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala
586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15
STÓRA BÍLASALAN
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

DORMA KYNNIR

SIMBA®



Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

**Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims**

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

**Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.**

**Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum**

| | |
|---|---|
| 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| 140 x 200 cm | 99.900 kr. |
| 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| 180 x 200 cm | 129.900 kr. |



**Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á**
**www.simbasleep.is**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorgi)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA
Láttu drauminn rætast



**Fjölnisvegur 11 er glæsilegt hús, alls 433,4 m², 13 herbergja einbýlishús.**

# Athafnamenn ólmir í Fjölnisveg

Eitt þekktasta hús Þingholtanna er komið á sölu og fasteignamatið er 156 milljónir. Nú bíða eflaust margir spenntir eftir að sjá hver næsti eigandi verður en hingað til hafa forstjórar og viðskiptamenn verið ólmir í þessa flottu eign.



**Eldhúsið er glæsilegt og þar hefur ekkert verið til sparað til að geta gert sunnudagslærið sem allra best.** MYND/FASTEIGNASALAN TRAUSTI

Það er töluverður áhugi á þessu húsi og margar fyrirspurnir," segir Kristján Baldursson, hdl. og löggiltur fasteignasali, en hann hefur fengið Fjölnisveg 11 til sölu.

Húsið er eitt þekktasta hús Reykjavíkur enda hafa margir þjóðþekktir einstaklingar hreiðrað þar um sig. Skúli Mogensen átti það áður en hann flutti til Kanada. Skúli seldi athafnamanninum Boga Pálssyni það sem seldi það til Guðmundar í Brimi sem seldi Hannesi Smárasyni húsið. Guðmundur keypti það svo aftur af þrotabúi félagsins Fjölnisvegur 9 ehf. sem átti Fjölnisveg 11. Hannes átti húsið við hliðina og tengdi þau saman.

Reyndar hafa Guðmundur og Skúli tvisvar átt húsið en núverandi eigendur keyptu það af félagi Skúla.

Kristján segir að algengur tími fyrir svona dýra eign að seljast sé ekki ýkja langur. Markaðurinn fyrir stórar og dýrar eignir sé í ágætis blóma. „Það er talsverður áhugi þessa dagana á stærri eignum.

Það eru um tvær vikur síðan húsið kom til okkar í sölumeðferð og töluverður áhugi. Það gengur alveg ágætlega að selja þessar stærri eignir. Það er ágætismarkaður fyrir þær og staðan nokkuð góð. Þær fara tiltölulega hratt og örugglega," segir Kristján en hann er nýbúinn að ganga frá sölunni á Laugarásvegi 60 þar sem ásett verð var 110 milljónir. Sú eign var fjórar til sex vikur í sölumeðferð.

„Það hefur auðvitað aðeins hægst á eins og maður hefur lesið um og má segja að markaðurinn sé að ná jafnvægi. Það er ekkert óeðlilegt að það taki viku til mánuð að selja fasteign. Það er skortur á fasteignum og allt það en fólk vill kaupa fasteignir sem eru í lagi og á góðu verði," segir Kristján.

**benediktboas@365.is**

## Fyrri eigendur Fjölnisvegs 11

- **Ludwig H. Siemsen, stórkaupmaður**
- **Skúli Mogensen, eigandi WOW**
- **Bogi Pálsson, athafnamaður**
- **Guðmundur Kristjánsson, eigandi Brims**
- **Hannes Smárason, athafnamaður**



**Skúli Mogensen** **Bogi Pálsson** **Guðmundur Kristjánsson**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




**Skiptu yfir í metan, græna íslenska orku.**

**Þegar þú kaupir Golf færðu eldsneytið frítt í heilt ár.*** Golf Metan kemur bæði með metantanki og stórum bensíntanki sem gerir drægnina óvenju mikla. Þú finnur sex metanstöðvar í Reykjavík og eina á Akureyri – og það er bæði auðvelt og hagkvæmt að dæla metani á bílinn. Skiptu um gír í orkumálum og gerðu árið að metanári á nýjum Golf.

**Verð frá aðeins 3.150.000 kr.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Vistvænn orkugjafi, enginn útblástur!

**Við látum framtíðina rætast.**

Volkswagen

*100.000 kr. eldsneytisinneign fylgir Golf TGI og Golf TSI.

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Láru G. Sigurðardóttur




## Skaðvaldurinn

Klukkan er rétt skriðin yfir miðnætti. Ég stend við færiband á flugvelli í Evrópu og bíð eftir töskunni minni. Það líður ekki langur tími þar til við heyrum örvæntingarfull óp og köll. Íslenskur karlmaður er að ganga í skrokk á eiginkonu sinni og ferðafélagar snúa manninn niður þar til öryggisverðir flytja hann á brott. Í nokkurra metra radíus við ofbeldismanninn liggja ótal litlar áfengisflöskur á víð og dreif.

Okkur sem urðum vitni að ofbeldinu leið bæði vel og illa. Vorum þakklát fyrir vinina sem vernduðu konuna en óttaslegin yfir því sem gæti gerst þegar enginn sæi til. Þessi tilfinning fylgdi okkur inn í fríið okkar, þrátt fyrir að þekkja þetta fólk ekki neitt.

En af hverju fær áfengi mann til að ganga í skrokk á eiginkonu sinni? Sökudólgurinn er etanól, sem finnst í öllum áfengum drykkjum. Flestir sem neyta áfengis tengja áfengi við slökun því etanól hægir á boðefnaskiptum í heilanum. Á sama tíma minnkar etanól dómgreind og athyglisgáfu, sem getur aukið árásarhneigð við minnsta tilefni. Vísindamenn hafa borið saman skaða sem hin ýmsu fikniefni valda. Af 20 fikniefnum sem skoðuð voru trónir áfengi á toppnum, með um fimmfalt meiri skaða fyrir samfélagið en tóbak.

Það er eðli okkar að vera annt um velferð annarra. Mikilvæg leið til að minnka vesöld í samfélaginu er að beita lögum, eins og áfengislögum, til að takmarka aðgengi. Ef við hins vegar aukum aðgengi erum við að senda þau skilaboð til samfélagsins að áfengi sé bara venjuleg neysluvara. Það að maður gangi í skrokk á konu sinni eftir áfengisneyslu er einungis brot af birtingarmynd þessa mesta skaðvalds sem sögur fara af.








